

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS
27. kafli
Umhverfismál

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur til 27. kafla um umhverfismál að hluta til. Ísland innleiðir og beitir regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á og mun verða í stakk búið til þess að innleiða regluverkið sem varðar 27. kafla um umhverfismál, eins og það stóð 7. janúar 2012, með fyrirvara um beiðni um sérlausnir og aðlögunartíma.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að innleiða regluverkið í þessum kafla.
4. Ísland fer fram á sérlausnir og aðlögunartíma vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) frá því að hann öðlaðist gildi 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í 18 ár og hefur innleitt alla viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálastefnu, umhverfismál, neytendavernd, ferðapjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á viðkomandi löggjöf ESB. EES-samningurinn tekur að mestu leyti til 27. kafla um umhverfismál.

Löggjafar- og stofnanarammi

Löggjafar- og stofnanaramminn á Íslandi er fyrir hendi til þess að innleiða regluverkið í þessum kafla, en verulegur hluti þess fellur undir EES-samninginn.

Umhverfisstefna á Íslandi byggir á áætlun stjórnvalda um sjálfbærni. Áætlunin „Velferð til framtíðar“ er aðgerðarammi ríkisstjórnarinnar frá 2002 til 2020 og var síðast uppfærð árið 2010. Í henni eru sett fram 17 markmið varðandi umhverfismál og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, auk

aðgerðaáætlunar fyrir forgangsverkefni svo unnt sé að ná hverju markmiði fyrir sig. Áætlunin og framkvæmd hennar er í umsjón sameiginlegrar samræmingarnefndar ráðuneyta um sjálfbæra þróun, undir forystu umhverfisráðuneytis.

Helstu þættirnir sem renna stoðum undir umhverfislöggjöfina eru stuðningur við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og takmörkun neikvæðra áhrifa á umhverfið af mannavöldum, eins og hægt er. Löggjöf á þessu sviði byggir á helstu meginreglum umhverfisréttar, svo sem varúðarreglunni, mengunarbótareglunni og meginreglunni um að leysa umhverfisvandamál við upptök þeirra, sem voru samþykktar á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró árið 1992.

Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða löggjöf ESB á sviðum sem falla undir EES-samninginn, þ.m.t. að því er varðar umhverfið. Mikilvægasta málefnið á sviði umhverfisins sem fellur utan við gildissvið EES-samningsins er náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess bera meginábyrgð á mótun og framkvæmd umhverfisstefnu á Íslandi og eru starfsmenn ráðuneytisins 32. Þar með talin eru málefnasvið á borð við náttúruvernd, verndun og veiðar á fuglum og landspendýrum, loftslagsmál, útivist, verndun dýra, verndun villtra lífvera, mengunarvarnir, hreinlæti, skipulags- og byggingarmál, eldvarnir, veðurspár og snjóflóðavarnir, landmælingar og kortagerð, skógrækt og verndun jarðvegs, alþjóðleg samvinna, og eftirlit og vöktun umhverfis.

Stofnanirnar 12 og ráðuneytið eru með u.þ.b. 500 starfsmenn í vinnu. Um er að ræða eftirfarandi:

- **Umhverfisstofnun** ber ábyrgð á að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda Íslands. Stofnunin hefur víðtækt stjórnsýsluhlutverk, þ.m.t. mengunarmál (vatn, úrgangur, loft), heilbrigði og öryggi, náttúruvernd, mat á verndargildi, dýravernd, þátttaka í samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), veiðieftirlit, líffræðileg fjölbreytni og erfðabreyttar lífverur (GMO). Stofnunin hefur 70 starfsmenn.
- **Náttúrufræðistofnun Íslands** stundar rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði og jarðfræði og ber ábyrgð á skipulegri söfnun upplýsinga um náttúru Íslands. Hún er ábyrg fyrir mati á verndargildi tegunda, vistgerða og vistkerfa, að veita ráðgjöf um sjálfbæra landnýtingu og nýtingu náttúruauðlinda, og mati á stofnstærðum tegunda og sjálfbærri nýtingu villtra fugla og spendýra. Einnig er hún ábyrg fyrir kortlagningu dreifingar dýra- og plöntutegunda, gróðurkorta og annarra vistfræði- og jarðfræðilegra korta, auk þess að undirbúa stofnun vistfræðilegra neta. Hjá stofnuninni starfa 50 starfsmenn.
- **Landmælingar Íslands** safna saman og miðla landfræðilegum gögnum og upplýsingum um Ísland fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hjá stofnuninni starfa 29 starfsmenn.
- **Skipulagsstofnun** ber ábyrgð á stjórnun, vöktun og framkvæmd skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana. Stofnunin hefur 21 starfsmann.

- **Skógrækt ríkisins** ber ábyrgð á rannsóknum, þróun, ráðgjafarþjónustu og miðlun þekkingar á sviði skógræktar. Hjá stofnuninni starfa 47 starfsmenn.
- **Vatnajökulspjóðgarður**, sem nær yfir u.þ.b. 13% af yfirborði Íslands, rekur aðstöðu til að taka á móti gestum, annast verndun svæðisins sem hann nær yfir og veitir gestum þjóðgarðsins fræðslu og þjónustu. Hjá stofnuninni starfa 12 starfsmenn.
- **Úrvinnslusjóður** vinnur að umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds á vörur. Sjóðurinn hefur fimm starfsmenn.
- **Veðurstofa Íslands** ber ábyrgð á vöktun og gefur út spár og viðvaranir um náttúruhamfarir á Íslandi (þ.e. á sviði veðurfræði, vatnafræði, jarðskjálftafræði, eldfjallafræði, jöklafræði og tengdum sviðum, svo sem snjóflóðum), stundar rannsóknir og áhættumat á tengdum sviðum, auk þess að taka þátt í alþjóðlegri vöktun. Ríkisstjórninni og ábyrgum ríkisstofnunum er veitt ráðgjöf á þeim sviðum sem falla undir starfsemi Veðurstofu Íslands. Hjá stofnuninni starfa 132 starfsmenn.
- **Mannvirkjastofnun** ber ábyrgð á eftirliti með öllum málefnum sem varða mannvirki, þ.m.t. brunavarnir. Stofnunin skal tryggja að farið sé að viðeigandi lögum og reglum án undantekninga. Stofnunin hefur 16 starfsmenn.
- **Landgræðsla ríkisins** ber ábyrgð á verndun jarðvegs, baráttunni gegn gróðureyðingu, sandfoki og annarri jarðvegseyðingu, ábyrgð á því að stuðla að sjálfbærri landnotkun og endurheimt og enduruppbyggingu lands sem hefur hnignað. Stofnunin tekur einnig virkan þátt í rannsóknum og fræðslu. Hjá stofnuninni starfar 61 starfsmaður.

Stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti bera ábyrgð á tilteknum umhverfismálum í þessum kafla. Nefna má stofnanir undir eftirfarandi ráðuneytum:

Iðnaðarráðuneytið (orkumál):

- **Orkustofnun** er ríkisstjórn til ráðuneytis um orkumál og skyld málefni, stuðlar að rannsóknum á sviði orku og þróun stjórnsýslu og nýtingu orkulinda. Hún fer einnig með leyfisveitingar er varða þróun orkumála, einkum á sviði jarðvarma og vetnis. Hjá stofnuninni starfa 33 starfsmenn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (sjávar- og ferskvatnsstofnar lífvera)

- **Fiskistofa** er stofnun sem skal stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu bæði sjávar- og ferskvatnsfiskistofna. Hún ber ábyrgð á framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og tengdrar löggjafar, daglegri stjórn fiskveiða og eftirliti með því að farið sé að reglum um stjórn fiskveiða. Hjá stofnuninni starfa 75 starfsmenn.
- **Hafrannsóknastofnunin** er rannsóknar- og ráðgjafarstofnun íslenskra stjórnvalda um lifandi auðlindir hafsins og sjávarumhverfið. Hún ber ábyrgð á að rannsaka og renna stoðum undir verndarráðstafanir að því er varðar búsvæði í sjó, auk þess að tryggja

sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum hafsins, þ.m.t. hvalir og selir. Hjá stofnuninni starfa u.þ.b. 170 starfsmenn.

- **Veiðimálastofnun** er rannsóknar- og ráðgjafarstofnun íslenskra stjórnvalda um lifandi auðlindir í ám og vötnum og ferskvatnumhverfið. Hún ber ábyrgð á að rannsaka og mæla með verndarráðstöfunum varðandi búsvæði ferskvatnsfiska, þ.m.t. að tryggja sjálfbæra nýtingu ferskvatnsfiskistofna og ársækinna fiskistofna. Hjá stofnuninni starfa 25 starfsmenn.

Á vettvangi sveitarfélaga ber hvert sveitarfélag ábyrgð á framkvæmd víðtæks málaflokks í tengslum við umhverfið innan síns svæðis. Íslandi er skipt í tíu heilbrigðiseftirlitssvæði og er hvert þeirra sjálfstætt stjórnvald undir stjórn heilbrigðisnefndar á hverju svæði og rekið af sveitarfélögum. Starfsfólk heilbrigðiseftirlits hefur umsjón með leyfisveitingum og eftirlit með mengun og hollustuháttum og fæðuöryggi stofnana og fyrirtækja.

Umhverfismál hafa fengið aukið vægi hjá ríkisstjórninni á undanförunum áratugum. Stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 jók áherslu á umhverfismál sem sérstakt málefni. EES-samningurinn öðlaðist gildi árið 1994 og hafði í för með sér verulegar breytingar á lagaramma umhverfismála á Íslandi. Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafa verið styrktar af þessum sökum til þess að hafa umsjón með viðameiri löggjöf, sem að miklu leyti leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, á grundvelli þess að nauðsynlegt er að stjórnsýslan sé sveigjanleg og skilvirk. Mikil framþróun hefur átt sér stað og Ísland kemur vel út í samanburði, eins og sjá má á stöðu landsins út frá vísbendi um árangur í umhverfismálum (Environmental Performance Index) hjá Alþjóðaefnahagsráðsini fyrir árið 2010. Sem EES-ríki hefur Ísland haft hag af Evrópusamvinnu á sviði umhverfismála. Ísland mun halda áfram að efla laga- og stofnanaramma á sviði umhverfismála í samræmi við umhverfismarkmið ESB.

Almenn löggjöf

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Mat á umhverfisáhrifum (EIA)

Tilskipun 85/337/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 97/11/EB, um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið var tekin upp og innleidd á Íslandi með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og með reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lögin um mat á umhverfisáhrifum. Nýtt frumvarp um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum með síðari breytingum verður lagt fyrir Alþingi árið 2012. Í frumvarpinu eru kynntar nokkrar breytingar á gildandi lögum á grundvelli athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA. Íslenska löggjöfin gerir skylt að umhverfisráðuneytið og viðkomandi stofnanir upplýsi og hafi samráð við almenning um framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Einnig mælir hún fyrir um nákvæma málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum og málsmeðferðarreglur vegna tiltekinna aðgerða sem eru líklegar til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Skipulagsstofnun er tilnefnt sem lögbært yfirvald samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Þátttaka almennings (Árósasamningurinn):

Öll helstu ákvæði tilskipunar 2003/35/EB um þátttöku almennings hafa verið tekin upp í íslenska löggjöf. Þingið samþykkti frumvarp í september 2011 með lögum nr. 130/2011 og lögum nr. 131/2011 sem tryggir aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við kröfur Árósasamningsins, sem Ísland skrifaði undir árið 1998. Ísland staðfesti samninginn 20. október 2011. Með nýju löggjöfinni uppfyllir Ísland allar þær kröfur sem settar eru fram í samningnum. Þó verða gerðar smávægilegar breytingar á reglugerðum árið 2012 til þess að taka upp tilskipunina að fullu. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða tilskipunina.

Stefnumótandi umhverfismat

Tilskipun 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið var tekin upp með lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og viðkomandi leiðbeiningum sbr. 11. gr. 2. mgr. laganna. Skipulagsstofnun er tilnefnt sem lögbært yfirvald samkvæmt lögum um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.

Espoo-samningurinn og bókunin um stefnumótandi umhverfismat (SEA):

Ísland er ekki aðili að samningnum um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri (Espoo-samningnum) né bókuninni við þann samning um umhverfismat áætlana um stefnumótandi umhverfismat (SEA bókuninni). Þó eru ákvæði í gildandi löggjöf á Íslandi sem fjalla um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri svo sem 19. gr. laga nr. 106/2000 og 8. gr. laga nr. 105/2006. Í ákvæðunum er mælt fyrir um að nágrannaríki skuli fá tækifæri til að koma með athugasemdir vegna fyrirætlana um framkvæmdir sem gætu haft veruleg umhverfisáhrif. Engin vandkvæði eru fyrirsjáanleg á því að unnt verði að staðfesta bæði samninginn og bókunina og mun Ísland gera það fyrir aðildardag.

Almennur aðgangur að upplýsingum er varða umhverfismál:

Tilskipun 2003/4/EB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál. Í lögnum eru ákvæði sem tryggja almannan aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld búa yfir, með tilteknum takmörkunum (6. gr.). Lögin veita einnig almenningi rétt til að kæra ákvörðun yfirvalda um að veita ekki upplýsingar um umhverfismál til óháðrar úrskurðarnefndar.

Tilskipun um umhverfisábyrgð:

Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga sem munu taka upp í íslenskan rétt tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess. Þess er vænst að frumvarpið verði að lögum á árinu 2012. Umhverfisstofnun verður hið lögbæra stjórnvald og stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Tilskipun um refsiverð umhverfisbrot:

Tilskipun 2008/99/EB um umhverfisglæpi er ekki orðin hluti af EES-samningnum og hefur ekki verið tekin upp á Íslandi. Viðurlög við brotum á umhverfislöggjöf á Íslandi eru sektir og/eða

fangelsisvist. Ísland sér ekki fram á að lögleiðing þessarar tilskipunar verði vandkvæðum bundin og mun lögleiða hana fyrir aðildardag. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða tilskipunina.

Grunngerð fyrir landupplýsingar innan Evrópubandalagsins (INSPIRE):

Tilskipun 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) var tekin upp með lögum nr. 44/2011. Innleiðingarreglugerð með stoð í lögum nr. 44/2011, sem mun taka upp að fullu ákvæði tilskipunarinnar, ásamt reglugerð (EB) nr. 1205/2008 og ákvörðun 2009/442/EB, er áætluð árið 2012. Mikið undirbúningsstarf hefur verið unnið og Landmælingar Íslands bera ábyrgð á söfnun lýsigagna og að gera lýsigögn tiltæk á netinu. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða tilskipunina.

Ísland fer fram á aðlögun, í samræmi við lög nr. 44/2011, að því er varðar tíma sem áætlað er að þurfi til að innleiða tiltekin ákvæði tilskipunarinnar. (Sjá beiðni um samningaviðræður og ítarlega tillögu á bls. 34.)

Loftgæði

Þetta málefnasvið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Gæði andrúmslofts:

Tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu hefur enn ekki verið lögleidd á Íslandi. Eldri rammatilskipun (96/62/EB) hefur verið innleidd og engin vandkvæði eru fyrirséð vegna innleiðingar á tilskipun 2008/50/EB. Frumvarp til þess að taka upp tilskipunina verður lagt fyrir Alþingi árið 2012. Ísland hyggst nýta þann möguleika að setja strangari viðmiðunarmörk fyrir tiltekin efni en krafist er í tilskipuninni. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir í samræmi við ákvæði 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Umhverfisstofnun og stofnanir sem annast heilbrigðiseftirlit eru tilnefndar sem lögbær stjórnvöld samkvæmt gildandi löggjöf og fyrirséð er að það fyrirkomulag verði áfram óbreytt. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða nýju tilskipunina.

Rokgjörn lífræn efnasambönd:

Tilskipun 94/63/EB um varnir vegna losunar rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (VOC) var tekin upp með reglugerð nr. 252/1999 sem byggir á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ísland hefur einnig tekið upp tilskipun nr. 2004/42/EB um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum með reglugerð nr. 255/2002, með áorðnum breytingum. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 og lög nr. 52/1988. Umhverfisstofnun er hið tilnefnda stjórnvald og framkvæmdaráðstafanir eru gerðar af staðbundnum heilbrigðisyfirvöldum. Ísland fer fram á að viðhalda tæknilegri aðlögun sem er í gildi að því er varðar 4. mgr. I. viðauka við tilskipunina. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 35.)

Tilskipun 2009/126/EB um II. stigs endurheimt eldsneytisgufu hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Ísland telur að innleiðing tilskipunarinnar árið 2013 verði engum efnislegum vandkvæðum bundin. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða nýju tilskipunina.

Loftmengun sem berst yfir landamæri:

Ísland er aðili að samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (LRTAP) og verður aðili að Gautaborgarbókuninni við samninginn fyrir aðild.

Landsbundin efri mörk losunar:

Tilskipun 2001/81/EB um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni hefur verið tekin upp í EES-samninginn og Ísland stefnir á að innleiða tilskipunina fyrir lok ársins 2012. Umhverfisstofnun er viðkomandi lögbært stjórnvald.

Meðhöndlun úrgangs:

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Rammatilskipun um úrgang:

Rammatilskipun 2006/12/EB um úrgang, tilskipun 75/439/EBE um olíuúrgang og tilskipun 91/689/EBE um hættulegan úrgang hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerðum nr. 737/2003 og 184/2002. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem kveða á um skilgreiningar og meginreglur um hvernig draga má úr og koma í veg fyrir myndun úrgangsefna og auka endurnýtingu úrgangs með endurvinnslu og öðrum aðferðum.

Rammatilskipun 2008/98/EB um úrgang hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Fyrirhugað er að taka hana upp árið 2012. Umhverfisstofnun hefur ákveðið að nýrri landsáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, sem áætlað er að samþykkja árið 2012. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem mun áfram annast framkvæmd, framfylgd og skýrslugjöf. Sveitarfélögin munu áfram bera ábyrgð á söfnun og meðhöndlun úrgangs. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða nýju rammatilskipunina.

Umbúðir og umbúðaúrgangur

Tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/12/EB, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Sett markmið um endurnýtingu og endurvinnslu eru í samræmi við endurskoðaða útgáfu tilskipunarinnar og það sama gildir um ráðstafanir til þess að tryggja að engar umbúðir séu markaðssettar án þess að þær uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í tilskipuninni. Sveitarfélög

eru að taka upp kerfi fyrir sérstaka söfnun til að uppfylla þessi viðmið. Úrvinnslusjóður viðheldur gagnagrunni um innflutning umbúða og magn úrgangs sem safnað er. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á skýrslugjöf og gagnaöflun.

Úr sér gengin ökutæki

Tilskipun 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 303/2008 um úr sér gengin ökutæki. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvarðanir 2002/525/EB, 2005/438/EB og 2005/673/EB um takmörkun tiltekinna efna í ökutækjum hafa einnig verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 506/2007 um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Úrvinnslusjóður leggur úrvinnslugjald á öll ökutæki, sem síðan er notað til þess að standa straum af kostnaði við flutning þeirra á viðurkennda meðhöndlunarstöð. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald að því er varðar framkvæmd og framfylgd, en eftirlit og skoðun er framkvæmd af heilbrigðisyfirvöldum á hverjum stað.

Ákvarðanir 2005/63/EB, 2005/437/EB, 2008/689/EB og 2010/115/EB hafa ekki enn verið teknar upp í íslenskan rétt. Ísland sér ekki fram á að innleiðing þessara ákvarðana verði vandkvæðum bundin og stefnt er að því að það verði gert fyrir lok árs 2012. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða þessar ákvarðanir.

Seyra

Tilskipun 86/278/EBE um notkun seyru í landbúnaði hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd en heilbrigðiseftirlit á hverjum stað ber ábyrgð á framfylgd.

Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur

Ísland hefur tekið upp tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang með reglugerðum nr. 1104/2008 og 737/2003. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ísland hefur komið á fót kerfi til sérstakrar söfnunar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í samræmi við tilskipunina. Umhverfisstofnun og stýriningnd um raf- og rafeindatækjaúrgang eru lögbær stjórnvöld hvað varðar framkvæmd.

Takmarkanir á notkun hættulegra efna

Tilskipun 2002/95/EB um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 697/2004, með áorðnum breytingum. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Tilskipun 2011/65/EB (endurútgefin) um endurskoðun reglna ESB varðandi takmörkun hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum, sem hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn, verður tekin upp árið 2013. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd en heilbrigðisnefnd á hverjum stað ber ábyrgð á markaðseftirliti og framfylgd.

Ákvarðanir 2006/690/EB, 2006/691/EB, 2006/692/EB, 2008/112/EB, 2008/385/EB, 2009/428/EB og tilskipun 2008/35/EB hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 615/2011. Ákvarðanir 2009/443/EB og 2010/122/ESB hafa ekki verið teknar upp en ekki verður séð að innleiðing þeirra verði vandkvæðum bundin og Ísland stefnir á að gera það á árinu 2012. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða framangreint regluverk.

Rafhlöður og rafgeymar

Tilskipun 91/157/EBE um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 946/1999. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd en heilbrigðiseftirlit á hverjum stað og Vinnueftirlitið bera ábyrgð á framfylgd.

Tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma var tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 58/2011, sem breyta lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 1020/2011. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu tilskipunarinnar.

Urðun

Tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Uppfylling markmiða tilskipunarinnar gengur samkvæmt áætlun að því er varðar magn lífbrjótanlegs heimilis- og rekstrarúrgangs sem berst til urðunarstaða. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd og framfylgd, en heilbrigðiseftirlit á hverjum stað ber ábyrgð á söfnun og meðhöndlun heimilis- og rekstrarúrgangs. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða framangreint regluverk.

Tilflutningur úrgangs

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs, eins og henni var breytt með reglugerðum 1379/2007, 669/2008 og 308/2009, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs til þriðju landa. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 55/2003 um eiturefni og hættuleg efni. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald og annast umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs til og frá Íslandi.

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð nr. 1013/2006 hefur ekki verið tekin upp þar sem hún varðar tengsl ESB við þriðju lönd. Ekki er fyrirséð að innleiðing á henni verði vandkvæðum bundin og mun Ísland gera það fyrir aðild. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða reglugerðina.

Námuúrgangur

Tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 58/2011, sem breyta lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og með reglugerð nr. 1000/2011. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu tilskipunarinnar.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2009/335/EB, 2009/337/EB, 2009/358/EB, 2009/359/EB og 2009/360/EB hafa ekki verið teknar formlega upp í íslenskan rétt en engin vandkvæði eru fyrirséð varðandi innleiðingu þeirra og mun Ísland innleiða þær fyrir aðild. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða framangreint regluverk.

PCB-/PCT-efni

Tilskipun ráðsins 96/59/EB um förgun fjölklóraðra bifenylna og fjölklóraðra terfenylna (PCB/PCT), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 596/2009, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB-efna og skyldra efna. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald vegna innleiðingar tilskipunarinnar en Vinnueftirlitið ber ábyrgð á skráningu búnaðar sem inniheldur meira en fimm lítra af fjölklóruðum PCB-efnum.

Vatnsgæði

Þetta svið fellur að mestu leyti undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Rammatilskipun um vatn

Tilskipun 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (rammatilskipun um vatn), með áorðnum breytingum, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, auk reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Í síðarnefndu reglugerðinni er sett fram stofnanaskipulag að því er varðar stjórnunarþátt tilskipunarinnar. Ísland er flokkað sem eitt vatnaumdæmi samkvæmt lögnum. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu tilskipunarinnar. Á grundvelli innra skipulags sem sett er fram í reglugerð nr. 935/2011 hefur Umhverfisstofnun í samvinnu við fjórar ríkisstofnanir¹, heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað, hagsmunaaðila og samráðshópa greint og lýst vatnshlotum vatnaumdæmisins. Viðkomandi stofnanir réðu til starfa sjö viðbótarstarfsmenn á árinu 2011 til þess að innleiða tilskipunina. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Samkvæmt tímamörkunum, sem tilgreind eru í lögum nr. 36/2011, skal ljúka við gerð stjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmi og tillögu að aðgerðaáætlun eigi síðar en 1. janúar 2018. Til þess að samræma lok fyrsta áfanga á Íslandi við lok annars áfanga ESB hefur frestur

¹ Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun, Orkustofnun og Hafrannsóknastofnun.

stjórnvalda þó verið stytur til að hægt sé að ljúka við fyrstu stjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmi í janúar 2015. Ísland fer fram á að viðhalda formlega sveigjanleika tímamarka sem tilgreind eru í lögum nr. 36/2011 til að innleiða kröfur tilskipunarinnar eigi síðar en 2018, en mun áfram vinna að því að innleiðingunni ljúki árið 2015. (Sjá beiðni um samningaviðræður og aðgerðaáætlun á bls. 36.)

Grunnvatn

Tilskipun 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og var hún tekin upp að fullu í reglugerð nr. 535/2011 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 295/2012. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að halda áfram að innleiða tilskipunina.

Gæðakröfur fyrir vatn

Ísland hefur tekið upp tilskipun 2008/105/EB um umhverfsgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum með reglugerðum nr. 955/2011 og 535/2011. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd.

Hreinsun skólps frá þéttbýli

Tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 798/1999. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun, sem er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd tilskipunarinnar, hefur komið upp lista yfir alla þéttbýlisstaði þar sem fjöldi persónueininga er yfir 2.000 og mælt ákomu, núverandi stöðu safnræsa og stig hreinsunar. Öll mannvirki falla undir skoðun og eftirlit og þurfa leyfi sem gefið er út af viðkomandi heilbrigðisnefndum.

Losun í strandsjó frá þremur þéttbýlisstöðum leiðir til ákomu sem mælist yfir 10.000 persónueiningum, einkum vegna frárennslis frá fiskvinnslustöðvum. Allir þéttbýlisstaðir þar sem fjöldi persónueininga er yfir 2.000 hafa safnræsi fyrir frárennslis og á mörgum þeirra er frárennslis vegna iðnreksturs hreinsað sérstaklega. Síun til forhreinsunar er talin fullnægjandi að því er varðar gæðamarkmið tilskipunarinnar, svo framarlega sem losun fer fram á svæði sem skilgreint er sem síður viðkvæmt svæði. Á grundvelli losunar frá stærstu þéttbýlisstöðunum og almennra gagna um landfræðilegar aðstæður í strjálbýli eru losunarstaðir við strandlengjuna skilgreindir sem síður viðkvæmt svæði, á grundvelli 6. gr. og þeirra viðmiða sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Að því er varðar losun í ferskvatn og ármynni eru þrjú þéttbýlisstaðir þar sem ákoma mælist yfir 2.000 persónueiningum. Ísland hefur þegar skilgreint eitt viðkvæmt svæði – Þingvallavatn og vatnasvið þess – þar sem kröfur um hreinsun eru strangari.

Skipulagsáætlun um málefni hafsins

Tilskipun 2008/56/EB um aðgerðaramma Bandalagsins á sviði umhverfisstefnu í málefnum hafsins hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Markmið tilskipunarinnar eru almennt í samræmi við stefnu Íslands á sviði sjávarumhverfis. Ísland er aðili að OSPAR-samningnum um

verndun Norðaustur-Atlantshafsins. Inntak samningsins hefur verið tekið upp með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Fiskveiðar hafa mikið efnahagslegt gildi fyrir Ísland. Ísland leggur áherslu á mikilvægi traustrar fiskveiðistefnu sem byggist á sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Gott ástand sjávarumhverfisins er forsenda líflegs fiskveiðigeira og sjálfbærni hans. Tilskipunin fellur undir 27. kafla um umhverfismál en tengist þó fiskveiðistjórnun, sem tekið er á í 13. kafla um fiskveiðar. Tryggja þarf viðeigandi samvirkni milli fiskveiðistjórnunarstefnu og umhverfisstefnu í málefnum hafsins og ber að forðast mótsagnakennda stefnu. Með tilliti til aðildarviðræðnanna er nauðsynlegt að fjalla um þetta málefni í tengslum við samningaviðræðurnar um 13. kafla.

Drykkjarvatn

Tilskipun 98/83/EB um gæði neysluvatns hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Matvælastofnun og heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd.

Nítröt

Tilskipun 91/676/EBE um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata frá landbúnaði hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi skal það tekið fram að styrkur köfnunarefnis í íslenskum ám nær aldrei gildum sem eru nálægt viðmiðunarmörkum eða hættulegum gildum. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd.

Baðvatn

Tilskipun 2006/7/EB um gæði baðvatns hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Vinna er hafin hjá Umhverfisstofnun við að tilgreina til bráðabirgða náttúrulaugar sem myndu falla undir gildissvið tilskipunarinnar og yfirvöld vinna að gerð nýrrar reglugerðar um eftirlit með gæðum náttúrulauga á Íslandi, umsjón þeirra og upplýsingagjöf til almennings. Ekki er búist við því að innleiðing tilskipunarinnar verði vandkvæðum bundin og mun Ísland hafa innleitt hana við aðild. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Flóð

Tilskipun 2007/60/EB um mat á og stjórnun flóðaáhættu hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Íslensk stjórnvöld hafa í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar meðal annars kortlagt umfang og mörk flóðaáhættu og gert úttekt á flóðum á sögulegum tíma, greint tíðni flóða og komið á fót rauntímaviðvörðunar- og eftirlitskerfi. Miðað er við að Ísland taki upp tilskipunina árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Ísland fer fram á aðlögunartímabil til þess að innleiða kröfur tilskipunarinnar (stjórnun á flóðaáhættu) til ársins 2020, í síðasta lagi. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 37.)

Náttúruvernd

Þetta svið fellur ekki undir EES-samninginn. Viðeigandi löggjöf um náttúruvernd eru lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum².

Meginreglur og markmið íslenskrar löggjafar á sviði náttúruverndar eru sambærileg ákvæðum viðkomandi regluverks ESB og grundvallast á alþjóðasamningum. Meðal þeirra eru Samningur um líffræðilega fjölbreytni (CBD), Samningur um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn), Samningur um verndun villtra dýra, plantna og lífssvæða (Bernarsamningurinn) og Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS).

Nefnd sem skipuð er af umhverfisráðherra til þess að endurskoða og undirbúa nýja löggjöf hefur lagt fram hvítbók um náttúruvernd þar sem gerð er ítarleg greining á allri löggjöf á þessu sviði. Í hvítbókinni er samanburður við norræna löggjöf á tilteknum mikilvægum málefnum varðandi náttúruvernd og ákvæðum nokkurra marghliða samninga um umhverfismál. Önnur nefnd sem skipuð er af ráðherranum vinnur nú að endurskoðun laga nr. 64/1994 og tengdrar löggjafar.

Umhverfisráðuneytið ber ábyrgð á náttúruvernd, verndun og nýtingu villtra fugla og landspendýra, skógrækt, jarðvegsvernd/endurheimt og alþjóðlegri samvinnu um umhverfismál. Nokkrar stofnanir umhverfisráðuneytisins bera ábyrgð á framkvæmd og stjórnun löggjafar á þessu sviði og annast verkefni sem svipar til þeirra sem mælt er fyrir um í viðkomandi regluverki ESB.

Á Íslandi eru 107 friðlýst svæði, sem ná yfir 19% af flatarmáli landsins. Val á friðlýstum svæðum á Íslandi hefur ekki verið unnið á grundvelli kortlagningar á náttúrulegum búsvæðum en kerfisbundin uppbygging á neti friðlýstra svæða í samræmi við aðferðafræði sameiginlegrar náttúruverndaráætlunar Evrópu um net verndarsvæða (Emerald Network) hófst árið 2004. Ísland er ekki enn í þeirri stöðu að geta kerfisbundið skráð staði þar sem finna má sérstakar vistgerðir.

Varðveisla, verndun og enduruppbygging rofsvæða eru einnig mikilvæg atriði fyrir Ísland vegna sérstakra aðstæðna sökum langtíma uppblásturs og verulegrar jarðvegs- og gróðureyðingar. Samspil náttúrulegra ferla og áhrifa af búsetu manna hefur leitt til þess að meirihluti upprunalegs trjágróðurs og yfir helmingur af gróðurþekju á Íslandi hefur horfið. Innlent mat frá 1997 á jarðvegseyðingu leiddi í ljós að um talsverða til mikla jarðvegseyðingu væri að ræða á yfir 50% af flatarmáli Íslands og að ástand vistkerfisins væri slæmt á töluverðum hluta þess gróna lands sem eftir er. Nú nær það landsvæði sem verið er að vinna að enduruppbyggingu á yfir u.þ.b. 3.500 km² eða 3% landsins. Verndun jarðvegs og uppgræðsla byggist á lögum nr. 17/1965.

Kortlagning vistgerða á landsvísu er forsenda þess að tilskipanirnar um vistgerðir og villta fugla verði innleiddar í íslenskan rétt. Ísland hefur þegar skilgreint og kortlagt vistgerðir á miðhálandi Íslands, eða á landsvæði sem er um 40.000 km² eða u.þ.b. 40% landsins. Alls hafa verið skilgreindar 24 mismunandi vistgerðir á miðhálandinu. Vinnan og niðurstöður hennar eru í fullu samræmi við EUNIS-flokkunarkerfið. Engin vinna hefur farið fram vegna láglandis eða

² Sjávarspendýr falla ekki undir gildissvið laganna.

strandsvæða, en þrátt fyrir það býr Ísland yfir umfangsmikilli vísindapekkingu um útbreiðslu viðkomandi dýra og plantna á landi og í fersku vatni og sjó.

Íslensk stjórnvöld munu hefjast handa við kortlagningu vistgerða á fyrrnefndum 60% landsins, auk annarra undirbúningsverkefna sem þörf er á við val á mögulegum verndarsvæðum og fuglafriðlöndum, árið 2012. Verið er að auka afkastagetu með því að bæta við sjö til átta einstaklingum til að vinna það starf. Kynningarferlið getur hafist strax árið 2013 þegar vefsetur verður komið í gagnið með upplýsingum um framvindu kortlagningar búsvæða og upplýsingum um búsvæði og vistgerðir á Íslandi. Á vefsetrinu verða einnig upplýsingar um helstu þætti tilskipunarinnar um búsvæði. Kortlagningin og önnur nauðsynleg verkefni munu gera Íslandi kleift að byggja upp grunn fyrir val á svæðum í samræði við sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Þessi svæði munu mynda innlent net náttúruverndarsvæða sem mun tilheyra Evrópuneti verndarsvæða (NATURA 2000). Þar á eftir kemur undirbúningur á stjórnunaráætlunum vegna tillagna að svæðum vegna Evrópunets verndarsvæða. Ísland áætla að geta sent framkvæmdastjórninni skrá yfir tillögur að svæðum vegna Evrópunets verndarsvæða (verndarsvæði og fuglafriðlönd), ásamt upplýsingum um hvert svæði, árið 2015. Þessi tímamörk fela í sér áætluð tímamörk vegna foraðildarverkefnisins um skráningu búsvæða og upplýsingaskipta í tengslum við Evrópunet verndarsvæða sem framkvæmdastjórnin styrkir. Skrá yfir svæði sem eru mikilvæg á vettvangi Bandalagsins skal síðan gerð innan þriggja ára frá aðildardegi í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Þegar svæði sem er mikilvægt á vettvangi Bandalagsins hefur verið samþykkt skal Ísland tilnefna viðkomandi svæði sem sérstakt verndarsvæði og/eða sérstakt friðland eins fljótt og auðið er og innan sex ára, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Flokka skal Ísland líflandafræðilega sem norðurheimskautssvæði þegar kemur að matsferli vistgerða- og fuglatilskipananna. Nauðsynlegt er að norðurheimskautssvæðið verði nýtt, líflandafræðilegt svæði á korti ESB yfir líflandafræðileg svæði ESB 25 + 2 (doc: Hab. 05-04-03). Ísland flokkast nú þegar sem norðurheimskautssvæði á samevrópsku korti yfir líflandafræðileg svæði, sem var samþykkt á vettvangi Evrópuráðsins með Bernarsamningnum árið 2007. Ísland er þar með flokkað sem norðurheimskautssvæði í sameiginlegri náttúruverndaráætlun Evrópu um net verndarsvæða (Emerald Network), þótt sú flokkun eigi aðeins við um landsvæðið. Ísland flokkast einnig sem norðurheimskautssvæði í Norðurskautsráðinu.

Af hálfu Íslands er sérstaða landsins undirstrikuð vegna fjarlægðar, stöðu þess sem eysamfélag, fámennis og strjálbýlis, erfiðra staðhátta og veðurfars og vegna þess hversu háður þjóðarbúskapurinn er fáum framleiðsluvörum. Í þessu sambandi er vísað til almennrar afstöðu ríkisstjórnar Íslands á ráðherrafundi ríkjaráðstefnunnar um opnun viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu hinn 27. júlí 2010. Taka þarf tillit til þessara varanlegu sérkenna og takmarkana með viðeigandi ráðstöfunum, meðal annars með vísan til ákvæða sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, aðildarsamninga og þeirrar afleiddu löggjafar sem við kann að eiga, þ.m.t. ráðstafana sem þegar er beitt gagnvart svæðum sem búa við svipaðar, svæðisbundnar og lýðfræðilegar takmarkanir.

Fuglatilskipunin

Tilskipun 2009/147/EB um villta fugla hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt.

Verndun villtra fugla á Íslandi er á grundvelli laga nr. 64/1994. Markmið og meginreglur laganna byggjast á Bernarsamningnum og eru því sambærileg við þau sem sett eru fram í tilskipuninni. Löggin gera ráð fyrir vernd villtra fugla, þ.m.t. fartegunda og flækingsfugla, nema annað sé tekið fram. Samkvæmt þessari vernd er bannað að veiða eða gera aðrar ráðstafanir sem geta haft neikvæð áhrif á tegundir villtra fugla. Bannið gildir einnig um egg og hreiður. Veiðar eru skilgreindar sem það að handsama eða drepa villt dýr (þ.m.t. villta fugla). Eggjataka fellur einnig undir skilgreiningu á veiðum. Þar að auki er skylda að fara varlega og sýna aðgát í nágrenni villtra dýra og á búsvæði þeirra og forðast óþarfa truflun.

Ísland er afskekkt eyja í Norður-Atlantshafinu og þar er fjölskrúðugt og einstakt fuglalíf. Áberandi færri tegundir villtra fugla eru á Íslandi en á meginlandi Evrópu og sumar tegundirnar er ekki að finna annars staðar í Evrópu. Alls hafa verið skráðar 380 fuglategundir á Íslandi, þar af verpa 75 þeirra reglulega. Engar einlendar tegundir eru á Íslandi en 16 undirtegundir verpa einungis eða aðallega á landinu.

Samsetning þeirra fuglategunda sem verpa á Íslandi endurspeglar aðgengileg búsvæði, skort á skógi og gnótt hrjóstrugs og opins lands og auðugra hafsvæða umhverfis landið. Af reglulegum varpfuglum eru vatnafuglar (32%) og sjófuglar (31%) algengastir, þar á eftir koma spörfuglar (16%), vaðfuglar (15%), ránfuglar og uglur (6%) og að endingu rjúpan, sem er eini villti fuglinn á Íslandi af hænsnfuglaætt (1%). Áberandi hörgull á verpandi spörfuglum er aðallega vegna skorts á viðeigandi búsvæðum. Einungis um 1% af Íslandi er þakið skóglendi, aðallega kjarri.

Sjófuglar eru einn mikilvægasti þátturinn í fuglalífi Íslands. Margir sjófuglastofnanna eru mikilvægir á alþjóðlega vísu vegna fjölda einstaklinga í stofninum. Þeir eru í mörgum tilvikum stór og verulegur hluti af heimsstofninum. Þar á meðal eru lundi, sem er algengasti fugl Íslands (2–3 milljónir para), fýll og álka (70% af heimsstofninum). Sumir vaðfugla- og vatnafuglastofnar eru einnig mjög stórir.

Um 90 tegundir varpfugla, far- og vetrargesta eru fyrir hendi. Samanlagt mynda þeir hóp þeirra fuglategunda sem mögulega væri hægt að veiða á Íslandi. Veiðar eru leyfðar á þriðjungi þessara 90 tegunda og eru sex þeirra tilgreindar í II. viðauka A. Tuttugu af þeim tegundum sem eru friðaðar má veiða í einu eða fleiri af aðildarríkjunum. Auk þessara 90 tegunda hafa komur um 290 tegunda af flækingsfuglum verið skráðar á Íslandi og þeir eru alfriðaðir samkvæmt lögum.

Umhverfisráðherra hefur heimild til þess að leyfa takmarkaðar veiðar, undir stjórn Umhverfisstofnunar, á tilteknum tegundum sem tilgreindar eru í lögnum. Forsenda þess háttar leyfis er að veiðin sé sjálfbær, og tilgangur veiðanna takmarkist við nýtingu viðkomandi stofns eða sé til þess að koma í veg fyrir tjón. Umhverfisstofnun geymir ítarleg, árstíðabundin gögn um fjölda og tegundir veiddra fugla.

Náttúrufræðistofnun Íslands geymir ítarleg gögn um stærð og ástand stofna villtra fugla á Íslandi. Stofnunin hefur eftirlit með og gerir rannsóknir á villtum fuglum, metur ástand þeirra og leggur til við umhverfisráðherra hvort þessar tegundir, sem heimilt er að veiða samkvæmt lögum, skuli

friðaðar eða hvort leyfa skuli veiðar úr einhverjum af stofnum villtra fugla. Ef eftirlitið leiðir í ljós að tilteknir stofnar villtra fugla fari minnkandi vegna veiða eða af öðrum ástæðum má banna veiðar. Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að því að safna saman öllum gögnum sem til eru um fuglastofna á Íslandi, meta gæði gagnanna og endurskoða þær upplýsingar sem liggja fyrir um stofnstærðir og horfur. Stofnunin er einnig að kortleggja mikilvæg fuglasvæði og gerir talningar á þeim svæðum.

Nú eru skráðar í I. viðauka 15 tegundir varpfugla sem eiga náttúruleg heimkynni á Íslandi og fjórar tegundir farfugla sem verpa þar reglulega. Ísland mun tryggja að þessar 19 tegundir, auk allra fartegunda, falli undir sérstakar verndarráðstafanir varðandi búsvæði þeirra skv. 4. gr. tilskipunarinnar.

Sem stendur má veiða 23 fuglategundir á Íslandi sem ekki eru skráðar í II. viðauka A við tilskipunina. Þá er eggjataka leyfileg að því er varðar þrjár tegundir til viðbótar sem ekki eru skráðar í II. viðauka A. Ísland mun gera tillögu að skráningu tegunda í II. viðauka B. Veiðiaðferðirnar byggjast á vali og eru í samræmi við meginregluna um sjálfbærni.

Veiði á villtum fuglum er bönnuð víða á Íslandi. Þau svæði hafa verið friðuð með það að markmiði að vernda mikilvæg búsvæði fugla. Ísland hefur þegar skilgreint 61 mikilvægt fuglasvæði (IBA) í samstarfi við Alþjóðlegu fuglaverndarsamtökin (Birdlife International).

Sala villtra fugla sem veiddir eru í samræmi við skilyrði sem sett eru af umhverfisráðuneytinu er leyfileg samkvæmt lögum nr. 64/1994. Þó er sala á rjúpu bönnuð. Umhverfisráðherra getur bannað sölu á villtum fuglum og villibráð ef það er talið nauðsynlegt til að vernda viðkomandi stofn. Bannað er að selja, gefa eða taka við fuglum sem drepast í netum. Ísland mun gera tillögu um skráningu tegunda í III. viðauka B.

Hefðbundin veiði á tilteknum fuglategundum á sérstökum svæðum og innan skilgreinds tímaramma er leyfileg skv. 20. gr. laga nr. 64/1994. Eggja- og ungataka frá tilteknum tegundum villtra fugla á varptímabilinu telst til slíkra hefðbundinna veiða. Löng hefð er fyrir sjálfbærri eggjatöku hjá nokkrum tegundum villtra fugla á Íslandi. Skilyrði og tegundir sem má taka egg frá eru ákvörðuð með lögum. Hefðbundnar veiðar taka einnig til svartfuglsveiða, þ.m.t. lundaveiða, með háfi á varptímabilinu. Leyfi til að stunda slíkar veiðar er með fyrirvara um sérstakt veiðileyfi vegna hefðbundinna veiða, sem gildir aðeins á tilteknum svæðum. Ekki er krafist veiðileyfis vegna eggjatöku þrátt fyrir að eggjataka sé skilgreind sem veiðar í íslenskum lögum. Af hálfu Íslands verður farið fram á að viðhalda hefðbundnum veiðum á Íslandi. (Sjá I. viðauka við beiðni um samningaviðræður á bls. 42.)

Dúntekja er leyfileg samkvæmt sérstökum skilyrðum sem sett eru fram í 20. gr. laganna. Æðarfugl hefur verið friðaður frá árinu 1847 og Íslendingar hafa tekið, hagnýtt og flutt út æðardún um aldir. Æðardúnn er tekinn úr hreiðrum æðarfugls án þess að raska hreiðrunum eða valda fuglunum sjálfum skaða eða þjáningu. Á hreiðurtíma tekur æðarkollan dún af bringu sinni til að fódra hreiðrið. Bóndinn getur þá tekið dúninn úr hreiðrinu og sett þurrt, gras í staðinn og í sumum tilvikum gamlan dún. Dúntekja hefur leitt til gagnkvæms sambands æðarfugls og manna á Íslandi, þar sem maðurinn veitir æðarfuglinum vernd gegn rándýrum. Eggin og fuglarnir eru látnir vera og fuglarnir koma þar af leiðandi til baka á sama varpstað ár eftir ár. Um 420 bændur eru skráðir sem framleiðendur æðardúns og eru þeir um allt land nema á söndum

suðurstrandarinnar. Árleg dúnuppskera er um 3.000 kg. Aðferðirnar sem beitt er við dúntekju eru umhverfisvænar, sjálfbærar og í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Af hálfu Íslands verður farið fram á að æðardúnn verði færður í III. viðauka A við tilskipunina.

Löng hefð er fyrir því að veiða svartfugl í háf á tilteknum svæðum á Íslandi. Þessi veiðiaðferð fellur að mati Íslands ekki undir veiðiaðferðir sem eru bannaðar samkvæmt A-hluta IV. viðauka við tilskipunina³. Nauðsynlegt er að fá staðfestingu á þessari túlkun. Án slíkrar staðfestingar þyrfti sérlausn að koma til.

Ísland hefur tilgreint tegundir sem skulu tilgreindar í viðaukunum og fer fram á tæknilegar breytingar og aðlaganir á viðaukunum við tilskipun 2009/147/EB (fuglatilskipunina). Vísað er í I. viðauka í þessari samningsafstöðu. (Sjá I. viðauka við beiðni um samningaviðræður á bls. 42.)

Með fyrirvara um beiðnir um breytingar og tæknilega aðlögun sér Ísland ekki fram á vandkvæði við að framkvæma tilskipunina við aðild.

Vistgerðatilskipunin

Tilskipun 92/43/EBE um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt.

Sýnishorn af villtu dýraríki og plönturíki Íslands

Plönturíki

Eitt helsta einkenni plönturíkis Íslands er lítill fjöldi háplöntutegunda, alls 483 íslenskar (432) og ílendar tegundir. Auk þess er fjöldi tegunda sem hefur verið fluttur inn og ræktaður fyrir landbúnað, skógrækt og fyrir verndun jarðvegs.

Eina íslenska tréð á Íslandi sem myndar skóglendi er birki. Nú ná birkiskógar og kjarr yfir u.þ.b. 1% Íslands (1.250 km²). Áttatíu prósent birkisins er kjarr sem er lægra en 2 metrar. Við landnám (fyrir 1100 árum síðan) gæti birki hafa þakið að minnsta kosti 25% landsins. Önnur íslensk tré eru reynir og víðir.

Mosatategundir á Íslandi eru um 600. Að minnsta kosti 700 tegundir af fléttum hafa fundist á Íslandi, þar af eru um 200 blað- og runnfléttur. U.þ.b. 2.100 sveppategundir finnast á landinu. Íslenskur fléttu- og sveppagróður hefur aðallega skandinavísk einkenni.

Villt landspendýr

Fyrir utan nagdýr sem eru gistidýr samanstendur landspendýraríki Íslands af aðeins fjórum

³ Að því er varðar veiðar, föngun eða dráp fugla samkvæmt þessari tilskipun, skulu aðildarríki banna beitingu hvers konar ráðstafana, fyrirkomulags eða aðferða sem beitt er til föngunar eða dráps í miklum mæli eða óvalvísrar föngunar og dráps, eða sem getur valdið því að tegund hverfi af tilteknu svæði, einkum beitingu þeirra sem skráðar eru í A-lið í IV. viðauka.

tegundum og af þeim er aðeins ein, heimskautarefurinn, upprunaleg á Íslandi. Aðrar tegundir, hagamúsinn, minkurinn og hreindýrið, voru fluttar til landsins ýmist viljandi eða óviljandi. Heimskautarefurinn hefur líklega lifað á Íslandi frá lokum ísaldar. Talið er að hagamúsinn hafi verið meðal fyrstu spendýra sem voru flutt til Íslands. Hún lifir víðast á landinu og er friðuð með lögum í náttúrunni. Minkurinn var fluttur til Íslands snemma á fjórða áratug síðustu aldar í þeim tilgangi að framleiða og hagnýta loðskinn. Dýr sluppu úr búrum og þau hafa fjölgað sér í náttúrunni og minkurinn lifir nú um allt land. Hreindýrastofninn á Íslandi er af norskum uppruna og hreindýrum var sleppt í íslenskri náttúru á átjándu öld. Ísbirnir, sem hafa verið friðaðir síðan 1994 nema þegar þeir ógna mannlífi, koma stöku sinnum til Íslands og yfirleitt með hafís. Þeir gætu ekki lifað af sjálfsdáðum í íslenskri náttúru. Þrjár tegundir nagdýra, húsamúsinn, brúnrottan og svartrottan, lifa í sambyli við manninn og virðist líf þeirra algjörlega háð mannfólkinu.

Ferskvatnsfiskur

Fimm fisktegundir sem lifa í ferskvatni, að hluta til eða að öllu leyti, eru upprunalegar á Íslandi. Þær eru atlantshafslax, urriði, bleikja, áll og hornsíli. Regnbogasilungur hefur verið fluttur inn og ræktaður á fiskeldisstöðvum. Norskur laxastofn var fluttur inn á níunda áratug síðustu aldar og hefur verið í ræktun síðan. Báðar tegundirnar hafa sloppið út í náttúruna.

Hryggleysingjar

Skordýrafánan í fersku vatni og á landi er betur þekkt en flestir aðrir hópar hryggleysingja, en um 1.300 tegundir hafa verið skráðar (þ.m.t. um 150 innfluttar tegundir eða tegundir sem hafa verið fluttar inn óviljandi). Mítlar og blódmítlar eru vel þekktir (nokkur hundruð tegundir) en köngulóategundir eru aðeins tæplega 100. Lítið er um land- og ferskvatnslindýr (sniglar, samlokur o.s.frv.), ánamaðka, margfætlur og þúsundfætlur. Mun minni fjölbreytni er meðal land- og ferskvatnshryggleysingja en sjávarhryggleysingja.

Skriðdýr og froskdýr

Engin skriðdýr eða froskdýr lifa á Íslandi.

Lífríki sjávar

Ríki hryggleysingja í sjó við Ísland er tiltölulega fjölskrúðugt og frjósamt, að teknu tilliti til norðlægrar legu landsins. Yfir 3.000 botnlægar tegundir hryggleysingja hafa verið greindar á íslensku hafsvæði. Um 300 fisktegundir hafa fundist innan sérefnahagslögsögu Íslands, þar af um 150 sem vitað er að hrygna á svæðinu. Flestar tegundirnar tilheyra lífríki tempraðra svæða og hrygna á grunnsævi eða sjávarbotni. Aðeins fáar þeirra eru upphaflega heimskautategundir eða frá svæðum nálægt heimskautsbaug.

Allmargar tegundir hvala og tvær selategundir lifa á íslensku hafsvæði. Landselur og útselur eru einu selategundirnar sem kæpa reglulega við strandlengju Íslands. Að minnsta kosti sjö tegundir tannhvala teljast algengar á hafsvæðinu við Ísland. Stórar og miðlungsstórar tegundir eru m.a. búrghvalur, andarnefja, háhyrningur og grindhvalur. Algengustu tegundir minni tannhvala eru hnýðingur, leiftur og hnísur. Algengustu tegundir skíðishvala eru fimm tegundir reyðarhvala;

steypireyður, langreyður, sandreyður, hrefna og hnúfubakur. Auk þess virðast þau dýr sem eftir eru af sléttbaksstofninum lifa á þessu hafsvæði.

Meginregla laga nr. 64/1994 er að allir villtir fuglar og landspendýr eru friðuð nema annað sé tekið fram. Með meginreglunni er gengið lengra en kröfurnar sem settar eru fram í vistgerðatilskipuninni, þar sem þess er aðeins krafist að aðildarríki komi á fót kerfi sem veitir tilteknum dýrategundum, sem tilgreindar eru í IV. viðauka stranga vernd.

Engin vinna hefur enn farið fram varðandi skráningu staða þar sem finna má vistgerðir skv. I. viðauka eða tegunda skv. II: viðauka við vistgerðatilskipunina. Stjórnvöld á Íslandi búa þó yfir fullnægjandi gögnum um útbreiðslu landdýra og plantna á Íslandi sem eru tilgreind í II. viðauka við tilskipunina. Stjórnvöld hafa hafið undirbúningsferli við val á verndarsvæðum vegna þessara tegunda og vegna talningar sem þarf að fara fram í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar, og mun fara fram samhliða kortlagningu á vistgerðunum.

Ísland hefur gert ráðstafanir til að varðveita vernduð svæði í samræmi við ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar. Þessar ráðstafanir byggjast á lögum nr. 44/1999 og tengdum reglugerðum. Mannvirkjagerð er háð sérstöku leyfi eða sérstakri skipulagsáætlun að því er varðar öll vernduð svæði. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á framkvæmd og framfylgd og skilar árlegri skýrslu til umhverfisráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í umsjón stofnunarinnar. Í Vatnajökulsþjóðgarði ber stjórn þjóðgarðsins ábyrgð á framkvæmd og framfylgd reglna þjóðgarðsins um verndun og rekstraráætlun. Auk þess bera Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins ábyrgð á að innleiða stjórnþæki til náttúruverndar í skógum landsins og á svæðum sem lúta jarðvegsvernd, eftir því sem við á.

Heimskautarefurinn er friðaður samkvæmt lögum nr. 64/1994 og skilyrði um refaveiðar eru takmörkuð með sérákvæðum laganna. Heimilt er að stunda refaveiðar frá 1. ágúst til 30. apríl. Engin rándýr herja á heimskautarefinn. Staða heimskautarefsins að því er varðar áhrif hans á umhverfi sitt á Íslandi er sambærileg stöðu rauðrefsins í Evrópu, en hann lifir ekki á Íslandi. Vísindagögn gefa til kynna að stofninn hafi farið stækkandi á undanförunum áratugum. Búfænaði og æðarvarpi er talin stafa ógn af heimskautarefnum. veiðar á heimskautaref eru undir stjórn sveitarfélaganna, sem ber skylda til að ráða kunnáttumann til refaveiða ef það er talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir tjón. Sveitarfélögin greiða skotmanninum fyrir hvern veiddan ref. Sveitarfélögin hafa skilað ítarlegri skýrslu um slíkar veiðar til Umhverfisstofnunar á hverju ári frá 1957. Öllum skotmönnum er skylt að skila árlega inn skýrslu um veiðarnar til Umhverfisstofnunar.

Stjórnun laxastofna og búsvæða þeirra á Íslandi byggist á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa ber ábyrgð á framfylgd og framkvæmd laxveiða samkvæmt lögnum, þ.m.t. eftirliti og skýrslugjöf í samræmi við vísindalegar leiðbeiningar frá Veiðimálastofnun. Í lögnum eru ákvæði um strangar ráðstafanir varðandi laxveiðar í ám og vötnum, þ.m.t. takmarkanir á sókn og vöktun. Þá eru einnig ákvæði um verndun tiltekinna svæða í vatni, þ.m.t. búsvæði laxa. Bannað er að veiða lax í sjó við Ísland. Ástand laxastofnsins (*Salmo salar*) á Íslandi er mjög gott, eins og Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur staðfest í ársskýrslum sínum frá

vinnuhópi um Atlantshafslax. Ströng og íhaldssöm stýring sem byggist á vísindalegri ráðgjöf er helsta ástæða fyrir góðu ástandi stofnsins.

Sjávarspendýr

Íslenska hagkerfið er háð nýtingu Íslands á náttúruauðlindum sínum og sjálfbærni lifandi auðlinda hafsins er forsenda hagsældar landsins til langs tíma lítið. Af þessu leiðir að Ísland leggur mikla áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum hafsins og nauðsynlegt er að taka tillit til alls vistkerfisins. Þar með talin er sjálfbær nýting á sjávarspendýrum, þ.e. á hvölum og selum, sem löng hefð er fyrir á Íslandi.

Selir:

Hefðin fyrir selveiðum nær aftur til komu fyrstu landnámsmannanna á níundu öld. Réttur til að veiða sel á Íslandi tengist beint eignarhaldi á landi og því er nær öll selveiði í höndum bænda og framkvæmd á þeirra eigin landi eða með leyfi landeigenda. Selabændur á Íslandi hafa stofnað Samtök selabænda.

Útselir og landselir eru veiddir á Íslandi á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar, ýmissa ákvæða í íslenskri löggjöf og stjórnunarmarkmiða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Strangt eftirlit er haft með út- og landselsstofnunum á Íslandi með reglubundnum eftirlitsferðum. Við eftirlit sem fór fram á árunum 2006 og 2008/2009 var stofnstærð út- og landsels í kringum Ísland talin vera annars vegar 6.100 og hins vegar 12.000 dýr. Þessar tölur voru í samræmi við markmiðið um að viðhalda stofni sem væri nálægt 4.100 útselum og 12.000 landselum.

Selveiðar á Íslandi falla undir alþjóðlegar reglur um rannsóknir og eftirlit á vettvangi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO).

Útselir og landselir eru skráðir í II: viðauka við vistgerðatilskipunina sem tegundir sem þarfnast þess að tilnefnd verði sérstök verndarsvæði fyrir þær. Á Íslandi hafa hvorki verið tilnefnd sérstök verndarsvæði fyrir útsel né landsel. Þó er bannað með lögum að skjóta sel á skilgreindum svæðum, samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, með áorðnum breytingum. Samkvæmt vísindalegu mati Hafrannsóknastofnunar eru hvorki útselur né landselur undir verndarmörkum. Af þessum sökum og vegna mikillar útbreiðslu bæði út- og landsels um strandlengju Íslands er ekki talið nauðsynlegt að tilgreina sérstök verndarsvæði. Ísland mun þó íhuga að koma á fót slíkum svæðum í tengslum við þjóðgarða og önnur strandsvæði sem vernduð eru með lögum.

Selveiðar á Íslandi eru stundaðar með völdum netum, kylfum og rifflum. Þá eru vélknúin ökutæki notuð til flutnings til og frá veiðisvæði. Að mati Íslands falla þessar aðferðir ekki undir veiðiaðferðir, aðferðir við föngun og dráp og flutning sem bannaðar eru samkvæmt VI. viðauka við vistgerðatilskipunina.

Hvalir:

Verndun og stjórnun hvala er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og byggist á lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Núverandi stefna Íslands í hvalveiðimálum byggist á ályktun Alþingis um hvalveiðar frá 10. mars 1999 sem byggist á meginreglunni um verndun og sjálfbæra nýtingu. Hvalveiðum Íslendinga er stjórnað á vísindalegum grunni og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Hvalveiðar á Íslandi eiga sér alfarið stað innan 200 mílna sérefnahagslögsögunnar. Samkvæmt reglugerð nr. 414/2009 eru hvalveiðar bannaðar á tveimur svæðum innan sérefnahagslögsögunnar, sem tilgreind eru sem hvalaskoðunarsvæði. Hvalveiðar Íslendinga falla undir alþjóðlegar reglur um rannsóknir og eftirlit á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Ísland beitir sér samkvæmt stefnu þess í hvalveiðimálum á alþjóðavettvangi og fer fram á að svo verði áfram. Sjálfbær og heildstæð nálgun á lífríkið er hornsteinn stefnu Íslands varðandi nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Árlegar nýtingarheimildir fyrir einstakar hvalategundir eru byggðar á bestu fáanlegu vísindalegu upplýsingum. Af hálfu Íslands er lögð áhersla á rétt Íslands til að taka sjálft ákvarðanir um nýtinguna með það í huga að núverandi löggjöf heimilar einungis nýtingu á tveimur tegundum, langreyði og hrefnu, í takmörkuðu magni. Þetta er byggt á reglugerð nr. 58/2009, um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, með áorðnum breytingum. Sem slík er stefna stjórnvalda í reglulegri endurskoðun. Í samningsafstöðunni felst engin efnisbreyting frá núverandi stefnu.

Samkvæmt vistgerðatilskipuninni eru allar hvalveiðar bannaðar, án tillits til verndarstöðu tegundanna. Allar hvalategundir eru tilgreindar í IV: viðauka sem tegundir sem þarfnast strangrar verndar. Hvalir njóta hins vegar ekki strangrar verndar á Íslandi og eru nýttir á sjálfbæran hátt á vísindalegum grunni eins og aðrar lifandi auðlindir hafsins.

Flokkun ættbálks spendýra í heild sinni, hvala (Cetacea), í IV. viðauka endurspeglar gildandi bann Alþjóðahvalveiðiráðsins við hvalveiðum í atvinnuskyni. Ísland gerði við inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið lagalegan fyrirvara við hvalveiðibannið og er því óbundið af því. Því eru hvalveiðar Íslendinga stundaðar í samræmi við alþjóðalög. Stefna Íslands í hvalveiðimálum er því í fullu samræmi við markmið og ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 2. gr. vistgerðatilskipunarinnar.

Á grundvelli þessa fer Ísland fram á breytingar á IV. og V. viðauka við vistgerðatilskipunina til þess að Ísland verði áfram bært til að taka ákvarðanir um sjálfbæra notkun vissra hvalategunda (sjá II. viðauka við beiðni um samningaviðræður á bls. 46). Af hálfu Íslands er leitað eftir staðfestingu á því að heimildir þess til að nýta þessar tegundir hvala verði tryggðar til frambúðar.

Á Íslandi eru gerðar vísindarannsóknir á hvöllum eins og á öðrum lifandi auðlindum hafsins. Á undanförunum áratugum hefur Hafrannsóknastofnun haft reglubundið eftirlit með útbreiðslu og fjölda dýra í hvalastofnum í samstarfi við vísindastofnanir í nágrennalöndum við Norður-Atlantshafið. Vísindalegt mat á ástand hvalastofna hefur verið unnið undir forsjá Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins.

Alls hafa fundist 22 tegundir hvala innan sérefnahagslögsögu Íslands, þ.m.t. 15 tegundir sem teljast hafa reglulega búsetu á því svæði. Ísland nýtir eins og er tvo þessara stofna, langreyði og hrefnu, sem eru ekki í útrýmingarhættu samkvæmt vísindalegu mati. Árið 2007 var stofnstærð

langreyðarstofnsins við Austur-Grænland og Ísland áætluð 20.600 dýr, sem er nálægt stofnstærðinni eins og hún var metin áður en nýting hófst. Árið 2001 var hrefnustofninn í Mið-Norður-Atlantshafi talinn vera 70.000 dýr. Árlegt aflamark sem úthlutað var með reglugerð nr. 58/2009 fyrir árið 2012, 154 langreyðar og 216 hrefnur, er varfærnislegt og vel innan sjálfbærnimarka.

Síðan Ísland hóf hvalveiðar í atvinnuskyni á ný árið 2006 hafa aðeins verið stundaðar veiðar á langreyði og hrefnu. Samkvæmt fyrrnefndu eftirliti er líklegt að sumar aðrar tegundir, sem hefð er fyrir því að veiða, t.d. sandreyður og hnúfubakur, þoli nýtingu. Þó verður ekki gefið út aflamark fyrr en formlegt mat á slíkum stofnum hefur farið fram, þ.m.t. mat á fjölda veiddra dýra við sjálfbærar veiðar.

Fiskistofa annast framfylgd og framkvæmd ákvæða laga um hvalveiðar og reglugerða sem byggjast á þeim. Hún skal einnig sjá til þess að þeir sem leggja stund á hvalveiðar fari að reglum sem fram koma í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða frá 1946. Aðeins þeir aðilar sem hafa fengið til þess leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hafa rétt til að stunda hvalveiðar innan sérefnahagslögsögunnar, landa hvalafla og verka slíkan afla.

Hnísur og stökklar eru tilgreind í II. viðauka við vistgerðatilskipunina sem tegundir sem þarfnast þess að tilnefnd verði sérstök verndarsvæði fyrir þær. Engin sérstök verndarsvæði hafa verið tilgreind fyrir hnísur og stökkla við Ísland þar sem ekki er talin þörf á þeim til að vernda þessar tegundir. Samkvæmt vísindalegu mati Hafrannsóknastofnunar eru hnísur algengar og útbreiddar og ekki í neinni útrýmingarhættu og stökklar eru flakkarar sem sjást stöku sinnum á Íslandsmiðum.

Notkun sprengiefna er ein þeirra aðferða sem er tilgreind meðal bannaðra aðferða og aðferða við föngun og dráp í VI. viðauka við vistgerðatilskipunina. Hvalveiðar Íslendinga fara fram með sprengiskutlum, í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins um aflifunaraðferðir við hvalveiðar. Sú aðferð er almennt viðurkennd sem skilvirkasta og mannúðlegasta aflifunaraðferðin við hvalveiðar.

Af hálfu Íslands er farið fram á breytingar og tæknilega aðlögun á viðaukunum við tilskipun 92/43/EBE (vistgerðatilskipunin). Vísað er í II. viðauka í gildandi samningsafstöðu. (Sjá II. viðauka við beiðni um samningaviðræður á bls. 45.)

Með fyrirvara um beiðni um breytingar og tæknilega aðlögun sér Ísland ekki fram á vandkvæði við að innleiða tilskipunina við aðild.

Samningur um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu (CITES)

Reglugerð (EB) nr. 338/97 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau (CITES) og framkvæmdarreglugerð hennar, (EB) nr. 865/2006, hafa ekki verið teknar upp í íslenskan rétt. Ísland hefur þó staðfest og innleitt samninginn um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu með reglugerðum nr. 993/2004 og 829/2005. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 85/2000. Viðeigandi stjórnvöld að því er varðar framkvæmd og framfylgd eru tilnefnd í reglugerðunum. Tollstjóri hefur eftirlit með innflutningi og útflutningi lífvera sem falla undir samninginn um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í

útrýmingarhættu en Fiskistofa (sjávarspendýr) og Umhverfisstofnun fara með yfirstjórn samningsins. Stofnanakerfi og -geta er nú þegar til staðar til að innleiða reglugerðirnar.

Þegar Ísland staðfesti samninginn um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu árið 2000 gerði Ísland fyrirvara í samræmi við samninginn að því er varðar skráningu 17 hvalategunda í I. og II. viðbæti. Allar nema eina þessara tegunda er að finna á hafsvæðinu við Ísland. Fyrirvararnir byggðust á vísindalegum upplýsingum um þéttleika tegundanna. Árin 2003 og 2005 gerði Ísland frekari fyrirvara, á sama grundvelli, við skráningu þriggja hákarategunda. Ísland er því ekki bundið af skráningu þessara tegunda samkvæmt samningnum um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu og getur átt viðskipti með framleiðsluvörur úr þeim tegundum við ríki sem hafa gert samsvarandi fyrirvara. Rétt er að benda á að Ísland gerði ekki fyrirvara vegna átta annarra hvalategunda í I. og II. viðbæti sem finnast á íslensku hafsvæði.

Af þessum sökum, og í samræmi við beiðni Íslands um að halda heimildum til ákvörðunartöku um sjálfbæra nýtingu ákveðinna tegunda hvala, er af hálfu Íslands farið fram á aðlögunarráðstafanir varðandi reglugerðir (EB) nr. 338/97 og 865/2006 sem taka tillit til og taka upp fyrirvara Íslands við samninginn um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu og heimilar áframhaldandi viðskipti Íslands með viðkomandi tegundir við ríki sem hafa gert samsvarandi fyrirvara. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 38.)

Ísland mun, með fyrirvara um beiðni um aðlögunarráðstafanir varðandi reglugerðir (EB) nr. 338/97 og 865/2006, taka reglugerðirnar upp við aðild.

Selkópar og viðskipti með selaafurðir

Tilskipun 83/129/EBE um innflutning selskinns af ákveðnum tegundum selkópa og afurða þeirra til aðildarríkja, reglugerð (EB) nr. 1007/2009 um viðskipti með selaafurðir og framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 737/2010 hafa ekki verið teknar upp í íslenskan rétt. Ekki er kveðið á um viðskiptatakmarkanir í íslenskri löggjöf eins og mælt er fyrir um í tilskipuninni og reglugerðunum. Öll viðskipti með selaafurðir eru leyfileg á Íslandi. Farið er með afurðir sjávarspendýra eins og aðrar sjávarafurðir, samkvæmt meginreglunni um sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum hafsins. Það er mat Íslands að enginn vísindalegur grundvöllur sé til að réttlæta takmarkanir á viðskiptum með íslenskar selaafurðir.

Af þessum sökum er af hálfu Íslands farið fram á undanþágu frá tilskipun 83/129/EBE, reglugerð (EB) nr. 1007/2009 og framkvæmdarreglugerð hennar (EB) nr. 737/2010, til að heimila Íslandi að stunda viðskipti með selaafurðir. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 38.)

Villt dýr sem haldin eru í dýragörðum

Tilskipun 99/22/EB um villt dýr sem haldin eru í dýragörðum hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Lög nr. 15/1994 um dýravernd hafa verið endurskoðuð af nefnd sem skipuð er af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Nefndin hafði hliðsjón af tilskipunum ESB um velferð dýra, þ.m.t. tilskipun 99/22/EB. Samkvæmt lögnum annast Umhverfisstofnun, í samstarfi við Matvælastofnun, verkefni sem eru sambærileg þeim sem kveðið er á um í tilskipuninni. Ekki er búist við því af hálfu Íslands að innleiðing tilskipunarinnar fyrir aðild verði efnislegum

vandkvæðum bundin og mun Ísland innleiða hana fyrir aðild. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Fótbogar

Reglugerð (EBE) nr. 3254/91 sem bannar notkun fótboga hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Íslensk löggjöf er þó að mestu leyti í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum banna notkun á fótbogum eða öðrum gildrum við veiðar á Íslandi, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Allar gildirur skulu hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar. Á Íslandi er ekki bann við innflutningi á skinnnum og vörum úr skinnnum frá öðrum ríkjum en þeim sem talin eru upp í viðauka ákvörðunar 98/596/EB. Kerfi til eftirlits og framfylgdar hvað þetta varðar er þó fyrir hendi. Ísland mun innleiða reglugerðina og ákvörðunina fyrir aðild og stofnanakerfi og -geta er til staðar.

Skógrækt

Reglugerðir ESB um skógrækt (nr. 2173/2005, 995/2010 og 1737/2006) hafa ekki verið teknar upp í íslenskan rétt. Vegna umfangslíttillar skógræktar á Íslandi hefur ekki verið talið nauðsynlegt að setja á fót landsáætlun um skóglendi, miðlægt kerfi til söfnunar á upplýsingum um skógrækt eða kerfisbundna vöktun á ástandi skóga. Ísland mun innleiða reglugerðirnar fyrir aðild og stofnanakerfi og -geta er til staðar.

Mengun frá iðnaði og áhættustjórnun

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC)

Tilskipun 2008/1/EB um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/13/EB, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og með reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allar viðkomandi stöðvar hafa fengið rekstrarleyfi og krafan um að innleiða bestu, fánlegu tækni á Íslandi er víðtækari en sú sem sett er fram í I. viðauka við tilskipunina. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd.

Tilskipun 2010/75/EB um losun í iðnaði hefur að svo stöddu ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Ísland sér ekki fram á vandkvæði við upptöku tilskipunarinnar í íslenskan rétt og áætlað að hún muni eiga sér stað árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi hvað þetta varðar.

Umhverfismerki ESB og umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)

Reglugerð (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Þó hefur eldri reglugerð (EB) nr. 1980/2000 um umhverfismerki Bandalagsins verið tekin upp í

Íslenskan rétt með reglugerð nr. 525/2006. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd. Ísland sér ekki fram á að upptaka og innleiðing nýju reglugerðarinnar verði efnislegum vandkvæðum bundin og áætlað að hún muni eiga sér stað árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða reglugerðina.

Reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Þó hefur eldri reglugerð (EB) nr. 761/2001 um EMAS, með áorðnum breytingum, verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 990/2005. Ísland sér ekki fram á að upptaka og innleiðing nýju reglugerðarinnar verði efnislegum vandkvæðum bundin og áætlað að hún muni eiga sér stað árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða reglugerðina.

Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (EPRTR) og Seveso

Reglugerð (EB) nr. 166/2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (EPRTR), með áorðnum breytingum, var tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 990/2008. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd reglugerðarinnar.

Tilskipun 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/105/EB (Seveso II), hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og reglugerð nr. 33/2009. Lagagrundvöllur reglugerðanna er lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt íslenskum lögum er öllum atvinnurekendum gert að hafa tiltæka áætlun um stórslysavarnir. Vinnueftirlitið er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd tilskipunarinnar.

Stór brennsluver (LCP)

Tilskipun 2001/80/EB um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Engin stór brennsluver eru á Íslandi og engar áætlanir eru uppi um að byggja eða starfrækja slíkt ver í fyrirsjáanlegri framtíð. Tilskipunin hefur nú verið felld inn í tilskipun 2010/75/EB um losun frá iðnaði, sem ekki hefur enn verið tekin upp í íslenskan rétt (sjá umfjöllun um tilskipun um samþættar mengunarvarnir). Eins og varðandi tilskipun 2010/75/EB sér Ísland ekki fram á að upptaka nýju tilskipunarinnar verði efnislegum vandkvæðum bundin og áætlað að hún muni eiga sér stað árið 2013.

Brennsla úrgangs

Tilskipun 2000/76/EB um brennslu úrgangs hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Íslandi var veitt aðlögun vegna sex brennslustöðva og einnar sambrennslustöðvar í EES-samningnum og eru tvær þeirra enn í rekstri. Ekki verður farið fram á að viðhalda þessari aðlögun og Ísland mun samræma löggjöf sína að fullu við tilskipunina fyrir aðild. Umhverfisstofnun er hið lögbæra stjórnvald í þessum efnum og er öllum rekstraraðilum skylt að hafa rekstrarleyfi í samræmi við kröfur tilskipunarinnar.

Lífræn, rokgjörn leysiefni

Tilskipun 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum var tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 255/2002, með áorðnum breytingum. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd tilskipunarinnar og heilbrigðiseftirlit á hverjum stað ber ábyrgð á framfylgd. Ísland áætlað að taka upp tilskipun 2008/112/EB, sem breytir tilteknum tilskipunum í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna, fyrir lok árs 2012. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipun 2008/112/EB.

Íðefni

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Flokkun, merking og pökkun (CLP)

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, sem breytir og fellir úr gildi tilskipun 1999/45/EB, hefur verið tekin upp að hluta til í íslenskan rétt með lögum nr. 43/2011, sem breyta lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur. Reglugerðin verður tekin upp að fullu þegar hún verður tekin upp í EES-samninginn. Ísland hefur einnig tekið tilskipun 67/548/EBE um hættuleg efni og tilskipun 1999/45/EB upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Ísland starfrækir þjónustuver vegna flokkunar, merkingar og umbúða (CLP) sem er starfrækt á sama hátt og þjónustuborð vegna efnareglanna (REACH). Umhverfisstofnun hefur verið tilnefnd sem lögbært stjórnvald og heilbrigðiseftirlit á hverjum stað mun bera ábyrgð á framkvæmd. Ísland sér ekki fram á að innleiðing reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 verði efnislegum vandkvæðum bundin og stefnir á að innleiða hana árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða reglugerðina.

Efnareglurnar (REACH)

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og breytingarreglugerðir hennar hafa verið innleiddar á Íslandi. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd og framfylgd reglugerðarinnar. Heilbrigðiseftirlit á hverjum stað gefur út starfsleyfi og framkvæmir skoðun á efnum og efnablöndum á markaðnum. Ísland er þátttakandi í samráðsnefnd um framkvæmd (FORUM) og neti innlendra þjónustuborða (Help-Net) og aðildarríkjanefnd. Ísland hefur þegar innleitt reglugerð (EB) nr. 1907/2006/EB og tengdar ákvarðanir. Ísland sér ekki fram á efnisleg vandkvæði við áframhaldandi samfellda innleiðingu efnareglanna og ákvarðana sem þeim tengjast.

Dýratilraunir og verndun dýra í vísindaskyni

Tilskipun 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/63/EB, hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 279/2002 um dýratilraunir. Tilraunadýranefndin á Íslandi er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu tilskipunarinnar. Ný tilskipun, 2010/63/EB, sem felldi niður tilskipun 86/609/EBE, hefur ekki enn þá verið tekin upp á Íslandi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun á árinu 2012 leggja fyrir Alþingi frumvarp að löggjöf um velferð dýra sem mun taka upp nýju tilskipunina. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Sæfiefni

Tilskipun 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1101/2004. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu tilskipunarinnar og heilbrigðiseftirlit á hverjum stað ber ábyrgð á eftirliti með sæfiefnum á markaðnum. Reglugerð nr. 1101/2004 er breytt reglulega til þess að innleiða uppfærslur á I. viðauka við tilskipunina. Ákvörðun 2010/296/ESB um að taka saman skrá yfir sæfiefni hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Ísland hefur þó tekið í notkun sameiginlegan gagnagrunn Bandalagsins um sæfiefni (R4BP) og stefnir á að samræma löggjöf sína við reglur ESB að fullu árið 2013.

Þrávirk, lífræn mengunarefni (POP)

Reglugerð (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 103/2009. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd og framfylgd reglugerðarinnar. Heilbrigðiseftirlit á hverjum stað gefur út starfsleyfi og framkvæmir skoðun á efnum og efnablöndum á markaðnum.

Útflutningur og innflutningur

Reglugerð (EB) nr. 689/2008 um útflutning og innflutning á hættulegum íðefnum hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Málefnið hefur ekki verið talið eiga við þar sem Ísland flytur ekki út nein hættuleg íðefni. Umhverfisstofnun á samstarf við tollyfirvöld að því er varðar innflutning og útflutning íðefna. Ísland mun innleiða reglugerðina fyrir aðild og stofnanakerfi og -geta er til staðar.

Ísland er ekki aðili að Rotterdamsamningnum um fyrirfram upplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum íðefnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum. Umhverfisstofnun er tengiliður vegna Rotterdamsamningsins og tekur við tilkynningum um innflutning efna sem samningurinn tekur til. Ekki er búist við því af hálfu Íslands að fullgilding Rotterdamsamningsins verði efnislegum vandkvæðum bundin og mun Ísland fullgilda hann fyrir aðild.

Kvikasilfur

Reglugerð (EB) nr. 1102/2008 um bann við útflutningi á kvikasilfursmálmi og tilteknum kvikasilfurssamböndum og -blöndum og um örugga geymslu á kvikasilfursmálmi hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Ekkert vinnanlegt kvikasilfur finnst á Íslandi og þar af leiðandi er enginn útflutningur. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald á Íslandi varðandi innflutning/útflutning úrgangs. Ísland mun innleiðat reglugerðina fyrir aðild og stofnanakerfi og -geta er til staðar.

Loftslagsbreytingar

Þetta svið fellur að mestu leyti undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Ísland fullgilti rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (loftslagssamninginn FCCC) í júní 1993 og Kýótóbókunina í maí 2002 og skuldbatt sig með því til að halda aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda innan við 10% miðað við losun árið 1990. Ísland sinnir skyldum sínum um skýrslugjöf samkvæmt loftslagssamningnum og Kýótóbókuninni. Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jókst um 44% milli 1990 og 2008 og var 9% meiri árið 2008 en 2007. Helsta ástæða þessarar aukningar er vöxtur stóriðju á Íslandi, aðallega á sviði álframleiðslu. Samt sem áður er losun CO₂ frá stóriðju eftir 1990 að mestu leyti undanþeginn tölulegum skuldbindingum Kýótóbókunarinnar samkvæmt ákvörðun 14/CP.7.⁴ Ísland er á réttri leið með að ná markmiði sínu samkvæmt Kýótóbókuninni, eins og fram kemur í síðustu spám í fimmtu landsskýrslunni til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og að teknu tilliti til ákvörðunar 14/CP.7.

Skuldbinding Íslands viðvíkjandi losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012 miðast við að dregið verði úr losun um 30% samanborið við árið 1990 í samstilltu átaki með ríkjum Evrópusambandsins. Ísland hafði áður lýst yfir einhliða að dregið yrði úr losun um 15% í loforði til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Markmið Íslands fyrir árið 2020, innan ramma loftslagssamningsins er sett fram í ákvörðun 1/CMP.7 frá desember 2011 í Durban, um að draga úr losun um 15/30%, þar sem í neðanmálsgrein er tekið fram að „annað skuldbindingartímabil Íslands fyrir magnbundnar takmarkanir og minnkun útstreymis (QELRO) samkvæmt Kýótóbókuninni sé byggt á þeim skilningi að Ísland uppfylli QELRO með Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess í samræmi við 4. gr. Kýótóbókunarinnar.“

Í áætlun varðandi loftslagsbreytingar frá árinu 2007 er sett fram langtímaáætlun um minnkun nettólosunar gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75% fram til ársins 2050, með losunarmörk ársins 1990 sem grunnviðmiðun. Þetta langtíamarkmið krefst þess að gerðar verði kerfisbundnar

⁴ Ákvörðun þessi á við um „stór verkefni innan lítilla hagkerfa“ eins og á Íslandi. Losun frá stóriðju er áætluð 1,6 Mt ár hvert á árabílinu 2008–12.

ráðstafanir á næstu áratugum til þess að minnka losun og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.

Umhverfisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd loftslagssamningsins og að samræma innlenda stefnu varðandi loftslagsbreytingar á Íslandi. Fjöldi opinberra stofnana og aðila tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd stefnu um loftslagsbreytingar, en Umhverfisstofnun er í aðalhlutverki að því er varðar eftirlit og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda og innleiðingu á viðeigandi ákvæðum Kýmótóbókunarinnar og löggjöf ESB um loftslag. Stofnanakerfi og -geta er til staðar til að innleiða löggjöf um loftslagsbreytingar og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Vöktun

Ákvörðun 280/2004/EB um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýmótóbókunarinnar hefur ekki verið innleidd á Íslandi þar sem hún er ekki hluti EES-samningsins. Ísland hefur þó, sem aðili að Kýmótóbókuninni, komið á skráningarkerfi ásamt kerfi lagaráðstafana, stofnanafyrirkomulags og verklags vegna áframhaldandi samantektar Íslands á loftslagsbókhalddi. Ísland leggur árlega fram skýrslur um loftslagsbókhalddi í samræmi við skuldbindingar Kýmótóbókunarinnar. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald að því er varðar loftslagsbókhalddi og losunarspár. Ísland mun uppfylla kröfur ákvörðunarinnar við aðild.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS)

Tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir) var tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 64/2011, sem breyttu lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland hefur tekið formlegan þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá árinu 2008 og tekur þátt í vinnu nefndarinnar um loftslagsbreytingar og vinnuhópa hennar þegar hægt er. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd tilskipunarinnar. Hún ber ábyrgð á skrá yfir gróðurhúsalofttegundir og á eftirliti með losunarheimildum iðnfyrirtækja, auk eftirlits og skýrslugjafar. Geta stjórnsýslunnar hefur verið aukin með ráðningu tveggja viðbótarstarfsmanna til Umhverfisstofnunar vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Stofnanakerfi og -geta til innleiðingar regluverksins á þessu sviði er fyrir hendi.

Tilskipun 2008/101/EB um að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir taki til flugstarfsemi hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 64/2011. Í lögnum er gert ráð fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á faggildingu vottunaraðila og Ísland væntir þess að skráningarkerfi fyrir losunarheimildir verði komið á um leið og sameiginlegt skráningarkerfi er orðið virkt. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald varðandi framkvæmd tilskipunarinnar og mun vinna með Flugmálastjórn eins og þörf krefur.

Tilskipun 2009/29/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur verið tekin upp að hluta í íslenskan rétt með lögum nr. 64/2011. Ekki er búist við því að full upptaka tilskipunarinnar fyrir árslok 2012 verði efnislegum vandkvæðum bundin. Það þarf þó að skýra tiltekin mál, svo sem hlutdeild Íslands í heimildunum sem á að bjóða upp og vottun gagna sem Ísland leggur fram (innlendar framkvæmdaráðstafanir)

áður en innlend lögjöf, þ.m.t. reglur um staðfestingu, verður sett. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 38.)

Þar sem engar stöðvar á Íslandi féllu undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á öðru viðskiptatímabili og þar sem tilskipun 2009/29/EB hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn hefur Ísland á þessu stigi ekki tekið upp ákvæði til að innleiða kröfur um vottun samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir. Víðtæk vöktun er á starfsemi nýrra stöðva sem falla undir kerfið að því er varðar losun mengandi efna og gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er þess krafist að hver stöð leggi árlega fram skýrslu um grænt bókhald, sem er að mestu leyti tölfræðilegar upplýsingar. Skýrslan skal endurskoðuð af óháðum aðila og Umhverfisstofnun safnar skýrslunum saman og birtir almenningi á vefsetri sínu. Í öðru lagi gefur Umhverfisstofnun út rekstrarleyfi (samþættar mengunarvarnir) vegna viðkomandi stöðva og vaktar starfsemi þeirra. Í þriðja lagi er þess nú þegar krafist, samkvæmt lögum nr. 65/2007, að staðbundnar stöðvar sem losa meira en 30.000 tonn af koltvísýringi fylgist með losun sinni á gróðurhúsalofttegundum frá 1. janúar 2008 og skili skýrslu árlega til Umhverfisstofnunar. Sú krafa var útfærð frekar í reglugerð nr. 244/2009 þar sem gagnasöfnunarferlið er styrkt með notkun rafrænna sniðmáta. Eitt af markmiðunum með þessari kröfu var að undirbúa að staðbundnar stöðvar yrðu í framtíðinni með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Sömu gögnum og þeim sem skipta máli fyrir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur verið safnað með rafrænu sniðmátunum og þau yfirfarin af Umhverfisstofnun. Að lokum hefur Umhverfisstofnun skoðað vandlega gögnin sem iðnaðurinn hefur skilað inn í þeim tilgangi að undirbúa innlendar framkvæmdarráðstafanir og borið þau saman við aðrar heimildir og upplýsingar sem þegar hefur verið lýst, og staðfestir að uppgefnar upplýsingar og útreikningar sem byggjast á þeim séu í samræmi við reglur viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Það er skoðun íslenskra yfirvalda að þetta vottunarferli gagna sé (að minnsta kosti) jafngilt vottun óháðs vottunaraðila sem krafist er samkvæmt tilskipun 2009/29/EB með áorðnum breytingum (þ.m.t. reglur um sannprófun gagna).

Þess hefur ekki verið krafist að Ísland geri landsbundna úthlutunaráætlun þar sem allar viðkomandi stöðvar að því er varðar annað viðskiptatímabil (2008–2012) viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir eru undanþegnar viðskiptakerfinu samkvæmt EES-samningnum. Ísland hefur þó nú þegar tilgreint hvaða stöðvar munu falla undir þriðja viðskiptatímabilið og Umhverfisstofnun gaf út losunarleyfi til þeirra í júní 2011.

Af hálfu Íslands er farið fram á heimild til að tengjast hinum sameiginlega uppboðsvettvangi en á þessu stigi er útilokað, lagalega séð, að EES/EFTA-ríkin taki þátt í sameiginlega útboðsferlinu. Fjármálaráðuneytið og efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinna nú að því að greina reglugerð (EB) nr. 1031/2010 um uppboð, og bráðabirgðaskrá yfir stöðvar sem eiga rétt á úthlutun losunarheimilda án endurgjalds hefur verið gerð. Ísland áætla að gerast aðili að Sambandsskránni eins fljótt og auðið er.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og skipting framlags til að draga úr losun

Ísland hefur frá 2009 látið í ljós vilja til að fara að umhverfis- og orkumarkmiðum ESB og hefur heitið að draga úr losun um 30% fyrir árið 2020, miðað við losun árið 1990, í sameiginlegu átaki með Evrópusambandinu, og taka þar með á sig sömu skuldbindingar um að draga úr losun og ESB, að því er tekur til væntanlegs loftslagssáttmála (eftir Kýótóbókunina). Ísland vinnur nú

ásamt framkvæmdastjórninni að því að komast að niðurstöðu um samkomulag um sameiginlega uppfyllingu þessara markmiða.

Ákvörðun 406/2009/EB um skiptingu framlags aðildarríkja til þess markmiðs að draga úr losun hefur ekki þýðingu að því er varðar EES og hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Innleiðing ákvörðunarinnar mun verða í samræmi við sama stofnanafyrirkomulag og önnur loftslagslöggjöf og ráðstafanir sem tilgreindar eru í nýlega samþykktu framkvæmdaáætlun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Komið var á samstarfshópi ráðuneyta um loftslagsbreytingar, undir forystu umhverfisráðuneytisins, sem hefur yfirumsjón með nýlega samþykktu aðgerðaáætlun og kemur með nýjar tillögur um aðgerðir eftir atvikum. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða ákvörðunina.

Aðgerðaáætluninni er ætlað að vera tæki sem gerir Íslandi kleift að ná fyrirhuguðum markmiðum sínum sem sett eru í samræmi við ákvörðunina um skiptingu framlags ríkja til að draga úr losun, og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við svokallaðar 20/20/20-skuldbindingar ESB. Það kallar á að dregið verði úr nettólosun innan þeirra geira sem falla undir skiptingu framlags ríkjanna (þ.m.t. aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) þar sem þess er vænst að sá geiri muni falla þar undir) um yfir 30% fyrir árið 2020 ef miðað er við losun árið 2005. Búið er við því að kröfur sem gerðar verða til Íslands um að draga úr losun verði ofarlega á skalanum fyrir losunarmarkmiðin. Tekið skal fram að verg landsframleiðsla Íslands á viðmiðunarárinu 2005 var mjög mikil og hefur dregið verulega úr henni síðan bankahrúnið átti sér stað árið 2008 og veruleg lækkun varð á innlenda gjaldmiðlinum. Í áætluninni eru tilteknaðar tíu lykilaðgerðir, þar á meðal innleiðing viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir innan viðkomandi geira, kolefnisskattur, breytingar á sköttum og gjöldum vegna bifreiða og eldsneytis, notkun lífelfsneytis fyrir fiskiskipaflotann, rafvæðing fiskmjölsframleiðslu, aukin endurræktun skóga og endurheimt gróðurs og votlendis. Vegna mikillar notkunar endurnýjanlegrar orku – nærri 100% af staðbundinni orkuframleiðslu – og þar sem nánast ómögulegt er að draga úr losun í orkuvinnslugeiranum, gerir Ísland ráð fyrir að þurfa að reiða sig á aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) í því skyni að draga úr nettólosun fram til ársins 2020. Ísland hafði gert ráð fyrir því sérstaklega að nýta aðgerðir á því sviði til þess að uppfylla mögulegar kröfur að því er varðar skiptingu framlags ríkjanna til að draga úr losun. Ísland bendir á mikilvægi þess að tryggja varanleika og gagnsemi aðgerða á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) að því er varðar umhverfið, og hefur unnið að því að tryggja að unnt sé að mæla og staðfesta losun og fjarlægingu innan geirans. Farið verður fram á það af hálfu Íslands að aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) verði taldaðar með í aðgerðum Íslands til að uppfylla markmið varðandi skiptingu framlags til að draga úr losun, með tilliti til niðurstöðu tillögu framkvæmdastjórnarinnar um LULUCF og nýlegrar ákvörðunar Durban-fundarins um reglur um LULUCF á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 39.)

Kolefnisföngun og -geymsla

Tilskipun 2009/31/EB um föngun og geymslu koltvísýrings í jörðu hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Umhverfisráðuneytið hefur kortlagt hvaða breytingar eru nauðsynlegar til að samræma íslenska löggjöf ákvæðum tilskipunarinnar. Það skal tekið fram að verkefni um að festa CO₂ í basalti er í undirbúningi og Ísland telur að slík aðferð gæti átt við innan ramma

tilskipunarinnar um geymslu koltvísýrings í jörðu. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Reglugerð (EB) nr. 842/2006 að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tiltekna, flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, ásamt síðari reglugerðum, hefur að mestu verið tekin upp á Íslandi með reglugerð nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Kröfur um þjálfun og vottun eru í samræmi við kröfur reglugerðar ESB. Tiltekna greinar í reglugerðinni hafa ekki enn verið teknar upp vegna mismunandi tilkynningakerfa og vegna þess að flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru ekki framleiddar á Íslandi og innflutningur er takmarkaður við tiltekna leyfilega notkun. Tollyfirvöld skrá allan innflutning. Ísland mun innleiða reglugerðina fyrir aðild og stofnanakerfi og -geta er til staðar.

Gæði eldsneytis

Tilskipanir 98/70/EB, 2000/71/EB, 2003/17/EB og 2005/33/EB varðandi gæði eldsneytis hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu og framfylgd tilskipunarinnar. Íslandi var veitt aðlögun að tilskipun 98/70/EB varðandi skilgreiningu Íslands sem ysta svæðis og lands þar sem heimskautaloftslag eða harðir vetur ríkja. Af hálfu Íslands er farið fram á að viðhalda þessari aðlögun. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 40.)

Tilskipun 93/12/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti, og síðari breytingar og lagfæringar, þ.m.t. tilskipun 2005/33/EB, hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 560/2007. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast innleiðingu reglugerðarinnar.

Tilskipun 2009/30/EB, sem breytir tilskipun 98/70/EB, hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Ekki er búist við því af hálfu Íslands að innleiðing tilskipunarinnar fyrir aðild verði efnislegum vandkvæðum bundin og mun Ísland innleiða hana fyrir árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða tilskipunina.

Í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/30/EB eru sett mörk um hámarksgufuþrýsting bensíns. Í aðildarríkjum með lágan umhverfishita á sumrin er hámark gufuþrýstings á sumrin 70 kPa. Viðkomandi aðildarríki geta einnig valið að nota bensín blandað með etanóli með hámarksgufuþrýstingi 60 kPa, til viðbótar við undanþágur um leyfilegan gufuþrýsting sem tilgreindar eru í III. viðauka við tilskipun 98/70/EB. Tilgangur undanþágunnar er að gera mörkuðum með lífeldsneyti kleift að þróast. Ísland fer fram á aðlögun á reglunum um hámarksgufuþrýsting yfir sumarmánuðina. (Sjá beiðni um samningaviðræður á bls. 40.)

CO₂ og bílar/sendibílar

Tilskipun 1999/94/EB sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða hefur, með breytingum, verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 260/2003 eins og henni var breytt með reglugerð nr.

913/2004. Reglugerðirnar heyra undir iðnaðarráðuneytið. Nýrri reglugerðir ((EB) nr. 443/2009, (ESB) nr. 1014/2010 og (ESB) nr. 510/2011) hafa ekki enn verið teknar upp í íslenskan rétt. Ekki er búist við því af hálfu Íslands að innleiðing reglugerðanna verði efnislegum vandkvæðum bundin og mun Ísland innleiða þær á árinu 2012. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða nýrri reglugerðirnar.

Ósoneyðing

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 586/2002. Ísland hefur fullgilt Vínarsáttmálann um vernd ósonlagsins og Montreal-bókunina um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt breytingum á henni. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald og ber ábyrgð á stjórnsýslukröfum reglugerðarinnar. Reglugerð (EB) nr. 1005/2009 um efni sem eyða ósonlaginu hefur að svo stöddu ekki verið lögleidd á Íslandi. Ekki er búist við því af hálfu Íslands að innleiðing reglugerðarinnar verði efnislegum vandkvæðum bundin og mun Ísland innleiða hana árið 2013. Stofnanakerfi og -geta er fyrir hendi til að innleiða reglugerðina.

Hávaði

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Umhverfishávaði

Tilskipun 2002/49/EB um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Lagagrundvöllur reglugerðarinnar er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Íslensk reglugerð nr. 724/2008 um hávaða tekur einnig tillit til tilskipunar 2002/49/EB, þar sem í henni eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð, hvers konar atvinnustarfsemi og samkomum. Umhverfisstofnun er það lögbæra stjórnvald sem annast framkvæmd og framfylgd tilskipunarinnar. Heilbrigðisýfirvöld á hverjum stað og Umferðarstofa bera ábyrgð á hávaðakortlagningu og aðgerðaáætlunum í þéttbýli og á þjóðvegum, eftir því sem við á. Áætlað er að áframhaldandi vinnu við hávaðakortlagningu og aðgerðaáætlanir verði lokið eigi síðar en 30. júní 2012 og 18. júlí 2013, eftir því sem við á. Það er í samræmi við íslenska reglugerð nr. 1000/2005 og 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Almannavarnir

Þetta svið fellur undir EES-samninginn og Ísland innleiðir viðeigandi regluverk með samfelldum hætti.

Almannavarnir

Ísland hefur tekið þátt í kerfi Bandalagsins á sviði almannavarna frá upphafi þess árið 2001 í gegnum EES-samninginn (bókun 31), en því var komið var á fót með ákvörðun 2007/779/EB um

að koma á kerfi Bandalagsins á sviði almannavarna (endurútgefin). Ísland hefur einnig átt fulla aðild að fjármálagerningnum fyrir almannavarnir sem var komið á fót með ákvörðun 2007/162/EB. Almennar áætlanir eru fyrir hendi vegna ýmiss konar hættuástands, án tillits til þess hvar slíkt ástand kann að skapast; einnig séráætlanir vegna atburða sem miklar líkur eru á að verði, s.s. snjóflóð, jarðskjálftar eða eldgos. Innanríkisráðherra er æðsta yfirvald að því er varðar almannavarnir og ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á samræmingu almannavarna á landsstigi. Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á daglegri stjórn almannavarnakerfa. Stjórnstöðvar aðgerða á staðarvísu heyra undir lögreglustjóra í 15 lögregluumdæmum landsins. Á Íslandi er símkerfi sem sinnir neyðartilvikum (112).

Beiðnir um sérlausnir og aðlögunartímabil

Almenn löggjöf

Tilskipun 2007/2/EB um gerð innra skipulags fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE):

Ísland fer fram á aðlögun að því er varðar tíma sem áætlað er að þurfi til að innleiða tiltekin ákvæði tilskipunarinnar, eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu. [Athugið að sumar þessara tillagna geta verið óþarfar, með hliðsjón af aðildardegi.]

Tillaga að tímaáætlun

Ráðstöfun	Ákvæði	Tímamörk	Tímamörk
		ESB	Ísland leggur til
Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari	1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2007/2/EB	15.05.2009	15.05.2012
Lýsigögn, I. og II. viðauki í samræmi við 1205/2008	a-liður 6. gr. tilskipunar 2007/2/EB	03.12.2010	03.12.2013
Lýsigögn, III. viðauki í samræmi við 1205/2008	b-liður 6. gr. tilskipunar 2007/2/EB	03.12.2013	03.12.2016
Rekstrarsamhæfi, I. viðauki, ný gögn í samræmi við 1089/2010	3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	23.11.2012	23.11.2015
Rekstrarsamhæfi, I. viðauki, ný gögn í samræmi við 1089/2010 eins og henni var breytt með 102/2011	3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	04.02.2013	04.02.2016
Rekstrarsamhæfi, I. viðauki, gögn sem eru fyrir hendi í samræmi við 1089/2010	3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	23.11.2017	23.11.2020

Rekstrarsamhæfi, I. viðauki, gögn sem eru fyrir hendi í samræmi við 1089/2010 eins og henni var breytt með 102/2011	3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	04.02.2018	04.02.2021
Leitar- og skoðunarþjónusta með byrjunarstarfsgetu	4. gr. reglugerðar nr. 976/2009	09.05.2011	09.05.2014
Leitar- og skoðunarþjónusta í fullu samræmi	4. gr. reglugerðar nr. 976/2009	09.11.2011	09.11.2014
Niðurrhals- og vörpunarþjónusta með byrjunarstarfsgetu	4. gr. reglugerðar nr. 976/2009 eins og henni var breytt með nr. 1088/2010	28.06.2012	28.06.2015
Niðurrhals- og vörpunarþjónusta í fullu samræmi	4. gr. reglugerðar nr. 976/2009 eins og henni var breytt með nr. 1088/2010	28.12.2012	28.12.2015
Fyrirkomulag gagnasamnýtingar með stofnunum ESB	8. gr. reglugerðar 286/2010	19.10.2011	19.10.2014
Lok gildandi fyrirkomulags gagnasamnýtingar með stofnunum ESB	8. gr. reglugerðar nr. 286/2010	19.04.2013	19.04.2016
Birting niðurstaðna eftirlits, fyrsta skipti	2. mgr. 11. gr. ákvörðunar 2009/442/EB	15.05.2010	15.05.2013
Þriggja ára skýrslugjöf, fyrsta skipti	2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB	15.05.2010	15.05.2013

Skýring: Nær öll tilskipun ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) var tekin upp með lögum nr. 44/2011. Áætlað er að birta árið 2013 framkvæmdareglugerð sem mun að fullu taka upp í íslenskan rétt tilskipun 2007/2/EB, auk þess að taka upp reglugerð (EB) nr. 1205/2008 og ákvörðun 2009/442/EB. Í Inspire-tilskipuninni og framkvæmdagerðum hennar er mælt fyrir um tiltekna forgangsröð þar sem viðkomandi yfirvöldum er veittur tiltekinn tími til að undirbúa næsta stig. Þar eð byggð svæði á Íslandi eru strjálbýl og dreifð og aðeins þrjú íbúar á ferkílómetra, þarf Ísland að lágmarki þann tíma til innleiðingar sem áætlaður er í regluverkinu. Því er af hálfu Íslands farið fram á þrjú ár til viðbótar við áður nefndan frest. Það gæfi viðkomandi stofnunum nauðsynlegan tíma til að tryggja viðeigandi framkvæmd tilskipunarinnar.

Loftgæði

Tilskipun 94/63/EB um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva:

Af hálfu Íslands er farið fram á að kröfurnar í 4. mgr. I. viðauka, að því er varðar geyma með föstu þaki á birgðastöðvum, gildi ekki um stöðvar sem nú þegar eru á Íslandi með gegnumstreymi sem er minna en 5.000 tonn á ári og eru þjónustaðar af skipum.

Skýring: Íslandi var veitt aðlögun hvað þetta varðar þegar tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn. Samkvæmt tilskipuninni skulu allir geymar með föstu þaki annaðhvort vera tengdir gufueurnýtingarbúnaði eða hafa fljótandi innra þak. Í tilskipuninni er hvorki fjallað um stærðartakmarkanir né undanþágur vegna sérstakra ástæðna hvað þetta varðar. Flestar minni stöðvar (með minna gegnumstreymi en 5.000 tonn) á Íslandi eru þjónustaðar af skipum, sem af öryggisástæðum er ekki heimilt að taka við eldsneytisgufu. Þess vegna er tímabundin gufugeymsla ekki valkostur. Þessar stöðvar falla ekki undir önnur ákvæði tilskipunarinnar vegna smæðar sinnar. Af þeim sökum, og vegna þess að viðkomandi birgðastöðvar eru á strjálbýlum svæðum þar sem gufan hefur ekki jafn mikil áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, var það talið rökrétt að undanskilja þær stöðvar sem eru til staðar frá kröfunum um gufueurnýtingarbúnað og fljótandi innra þak. Nýjar birgðastöðvar skulu þó vera í fullu samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Nú falla sex birgðastöðvar undir þessa aðlögun.

Vatnsgæði

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (rammatilskipun um vatn)

Ísland fer fram á aðlögun á tímamörkunum sem ætluð eru til að innleiða tiltekin ákvæði í tilskipuninni sem samsvara tímaáætlunum sem eru settar fram í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. [Athugið að frestur getur í sumum tilvikum verið óþarfur, með hliðsjón af aðildardegi.]

Í rammatilskipuninni um vatn er kveðið á um tímamörk vegna innleiðingar á tilteknum kröfum. Samsvarandi tímamörk í lögnum um stjórn vatnamála, sem öðluðust gildi 7. apríl 2011, eru öðruvísi á Íslandi en kveðið er á um í tilskipuninni. Í ákvæðunum varðandi frest til innleiðingar laganna er kveðið á um eftirfarandi:

- Ljúka skal við gerð stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaukdæmi (RBMP) **eigi síðar** en 1. janúar 2018.
- Gerð tillögu að aðgerðaáætlun skal lokið **eigi síðar** en 1. janúar 2018 og skal öðlast gildi árið 2021.
- Vöktunaráætlun skal hafa tekið gildi **eigi síðar** en 1. janúar 2015.
- Birta skal fyrstu skýrsluna um framvindu/stöðu **eigi síðar** en 1. janúar 2014.

Skýring: Samkvæmt áður nefndum tímamörkunum skal ljúka við gerð stjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmi og tillögu um áætlanir um ráðstafanir eigi síðar en 1. janúar 2018. Tilskipunin var

tekin upp í íslenskan rétt árið 2011 og fresturinn sem farið var fram á til innleiðingar veitir Íslandi sama tíma til undirbúnings og aðildarríkjum ESB. Til þess að samræma lok fyrsta áfanga á Íslandi við lok annars áfanga ESB hefur frestur stjórnvalda samt sem áður verið stytur til að hægt verði að ljúka við fyrstu stjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmi í janúar 2015. Af hálfu Íslands er farið fram á að viðhalda formlega sveigjanleika tímamarka sem tilgreind eru í lögum nr. 36/2011 til að innleiða kröfur tilskipunarinnar eigi síðar en 2018, en Ísland mun áfram vinna að því að ljúka henni á árinu 2015.

Flóð

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/60/EB frá 23. október 2007 um mat og stjórnun á flóðaáhættu

Ísland fer fram á aðlögun að því er varðar tíma sem áætlað er að þurfi til að innleiða tiltekin ákvæði tilskipunarinnar, eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu. [Athugið að sumar þessara tillagna geta verið óþarfar, með hliðsjón af aðildardegi.]

Tillaga að tímaáætlun

Ráðstöfun	Ákvæði	Frestir ESB	Ísland - tillögur um fresti
Upptaka	17. gr.	2009	2013
Bráðabirgðamat flóðaáhættu	á Gr. 4.4	2011 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2018 (og á sex ára fresti)	2015 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2018 (og á sex ára fresti)
Flóðahættukort og flóðaáhættukort	Gr. 6.8	2013 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2019 (og síðan á sex ára fresti)	2017 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2019 (og síðan á sex ára fresti)
Áætlanir um stjórnun á flóðaáhættu	Gr. 7.5	2015 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2021 (og síðan á sex ára fresti)	2019 - Endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, uppfærsla 2021 (og síðan á sex ára fresti)

Skýring: Í tilskipuninni um mat á flóðaáhættu er kveðið á um tímamörk vegna innleiðingar á tilteknum kröfum. Af hálfu Íslands er áætlað að taka tilskipunina upp í íslenskan rétt árið 2013 og farið fram á fjögurra ára aðlögunartímabili til að innleiða mismunandi kröfur tilskipunarinnar. Það gæfi viðkomandi stofnunum nauðsynlegan tíma til að tryggja viðeigandi innleiðingu tilskipunarinnar.

Náttúruvernd

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB um varðveislu villtra fugla (fuglatilskipunin) og tilskipun ráðsins 92/43/EBE um varðveislu vistgerða og villtra dýra og plantna (vistgerðatilskipunin)

Af hálfu Íslands er farið fram á breytingar og tæknilega aðlögun á tilskipun 92/43/EBE og 2009/147/EB. Tillögur að breytingum og tæknilegri aðlögun eru tilgreindar í I. og II. viðauka við þessa samningsafstöðu (meðfylgjandi staðalskjöl koma hér á eftir).

Samningur um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu (CITES): Reglugerð (EB) nr. 338/97 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau (CITES) og reglugerð (EB) nr. 865/2006 þar sem mælt er fyrir um útarlegar reglur um innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 338/97.

Af hálfu Íslands er farið fram á aðlögunarráðstafanir varðandi reglugerðir (EB) nr. 338/97 og 865/2006 sem taka tillit til og taka upp fyrirvara Íslands samkvæmt samningnum um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu og heimilar áframhaldandi viðskipti Íslands með viðkomandi tegundir við ríki sem hafa gert samsvarandi fyrirvara.

Selkópar og viðskipti með selaafurðir: Tilskipun 83/129/EBE um innflutning selskinns af ákveðnum tegundum selkópa og afurða þeirra inn í aðildarríki, reglugerð (EB) nr. 1007/2009 um viðskipti með selaafurðir og framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 737/2010.

Af hálfu Íslands er farið fram á undanþágu frá tilskipun 83/129/EBE, reglugerð (EB) nr. 1007/2009 og framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 737/2010 til að heimila Íslandi að stunda viðskipti með selaafurðir.

Loftslagsbreytingar

Tilskipun 2009/29/EB um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda

Af hálfu Íslands er farið fram á aðlögun á 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar um kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem myndi veita Íslandi sanngjarnan og réttlátan hluta af losunarheimildum sem boðnar verða upp.

Skýring:

Tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir) og tilskipun 2008/101/EB um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi (flugtilskipunin) voru teknar upp í íslenskan rétt með lögum nr. 64/2011, sem breyttu lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Þrátt fyrir að engin staðbundin stöð á Íslandi falli nú undir gildissvið áætlunarinnar hefur Ísland tekið formlega þátt í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir síðan árið 2008 og tekur þátt í vinnu nefndarinnar um loftslagsbreytingar og vinnuhópa hennar þegar hægt er. Tilskipun 2009/29/EB um umbætur og útvíkkun á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda skiptir máli að því er varðar EES en hefur ekki enn verið tekin upp í íslenskan rétt.

Vegna smæðar og sérstakrar samsetningar iðnaðar á Íslandi endurspeglar hluti Íslands í sannprófaðri losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á tímabilinu 2005–2007⁵ engan veginn raunveruleg áhrif kerfisins á Íslandi frá 1. janúar 2013. Meðaltal sannprófaðrar losunar á Íslandi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir var á tímabilinu 2005–2007 aðeins 80.000 tonn CO₂ þar sem einu geirarnir á Íslandi sem gátu á þeim tíma fallið undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir voru fiskimjölsframleiðsla og neyðarorkuframleiðsla. Frá og með 2013 munu staðbundnar stöðvar á Íslandi falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir í fyrsta sinn. Viðbót Íslands við losunarþakið verður um 1.800.000 tonn CO₂ sem mun samsvara um 0,087% af heildarlosunarþaki EES⁶. Ef a-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB (tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir) yrði beitt hins vegar að því er varðar Ísland⁷, myndi hluti Íslands af heimildunum sem verða boðnar upp á tímabilinu 2013–2020 aðeins vera um 0,004% af losunarheimildum innan EES sem boðnar verða upp. Eftirfarandi tafla skýrir þessa einstöku stöðu enn frekar.

⁵ Talning á losun frá stöðvum á Íslandi sem hefðu að meginreglu til getað fallið innan gildissviðs viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á fyrstu tveimur áföngum þess.

⁶ Sjá töflu 1 og viðbótartölur EES/EFTA sem settar voru fram í fyrstu drögum JCD frá 5. desember 2011.

⁷ Með beitingu heildarmeðaltalslosunar stöðva á Íslandi sem hefðu að meginreglu til getað fallið innan gildissviðs viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2005–2007, sem er 81.270 tonn.

		A	B
		Ísland	Samtala ESB
1	Meðaltal losunar samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir 2005–2007	78.976	2.031.869.298 ⁸
2	Losun frá stöðvum sem koma inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir árið 2013	1.862.571	112.830.465 ⁹

Gildi eru í tonnum af CO₂, án 1,74% línulegs skerðingarstuðuls.

Það er ljóst að þetta er hvorki sanngjörn né réttlát niðurstaða fyrir Ísland og ekkert fordæmi um hana má finna að því er varðar hin 29 ESB-ríkin. Hún endurspeglar engan veginn hluta Íslands og framlag þess til viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og er þar af leiðandi ekki ásættanleg. Í tilviki viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir eru tölur frá tímabilinu 2005–2007 mun betri vísbending um sanngjarna dreifingu tekna af kerfinu.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir leggur einnig tiltölulega mikið stjórnsýsluálag á Ísland. Þar sem færri en tuttugu staðbundnar stöðvar eru á Íslandi hefur Ísland takmarkaða möguleika á að endurheimta kostnað frá rekstraraðilunum með þjónustugjöldum eða þess háttar. Ísland er því mjög háð tekjum af uppboðum til þess að geta mætt þótt ekki væri nema hluta af þeim stjórnsýslukostnaði sem fellur til í tengslum við stjórnun kerfisins.

Ákvörðun 406/2009/EB um skiptingu framlags aðildarríkjanna til að draga úr losun

Af hálfu Íslands er farið fram á að aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) verði teknar til greina við ákvörðun á aðgerðum Íslands til að ná markmiðum sínum varðandi skiptingu framlags til að draga úr losun.

Skýring:

Reglugerðir um aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) og framlag þeirra að því er varðar viðleitni til að draga úr losun bíða enn úrlausnar innan ESB. Aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) eru hornsteinn í aðgerðaáætlun Íslands um að draga úr loftslagsbreytingum, í ljósi verulegra möguleika til að draga úr þeim með endurræktun skóga og gróðurs, og tiltölulega fárra annarra leiða til að draga úr loftslagsbreytingum, sérstaklega innan orkuvinnslugeirans. Vegna þess að reglur um aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) voru samþykktar með

⁸ Meðaltal staðfestrar losunar 2005-2007, gögn frá

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/787>

⁹ Ef 2010 er sett sem miðgildi fyrir línulega losun samkvæmt tilskipun 2010/634/EB

rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) á loftslagsráðstefnu aðildarríkjanna í Durban (COP-17) ætti það að auðvelda Íslandi að telja slíkar aðgerðir með í samræmi við alþjóðlega samþykktar reglur og staðla, og á sama tíma tryggja skilvirkni og heilleika með tilliti til umhverfislegra þátta. Ef aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) yrðu ekki taldar með varðandi viðleitni Íslands til að draga úr losun myndi það útiloka stærsta þáttinn sem Ísland getur lagt til í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og haft öfug áhrif í umhverfislegu samhengi. Að telja aðgerðir á sviði landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) með, einkum endurræktun skóga og gróðurs, að því er varðar markmið Íslands við skiptingu framlags væri röklegasta leiðin fyrir Ísland til þess að geta lagt sitt af mörkum við að draga úr losun.

Tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis

Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirfarandi aðlögunartexta verði bætt inn í 4. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 2. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. komi orðin „Ísland, að því er varðar allt yfirráðasvæði þess“ á eftir orðinu „umdæmi“

Í 5. mgr. 2. gr. komi orðið „Ísland“ á eftir orðinu „Írland“.

Skýring:

Í 4. mgr. 2. gr. eru þau svæði innan ESB talin upp sem teljast ystu svæði í tengslum við tilskipun 98/70/EB. Ísland fer fram á að viðhalda stöðu sinni sem ysta svæði í tengslum við þessa tilskipun og að verða skráð sem slíkt í 4. mgr. 2. gr. Sömu kröfur um gæði eldsneytis ættu að gilda um Ísland og ystu svæði aðildarríkja ESB. Einkenni íslensks loftslags, með sterkum vindum og sérstaklega svölum sumrum (sjá hér að neðan), auk mjög mikils strjálbýlis (3,1 íbúi á km²), gefur í raun meiri ástæðu til að beita þessum kröfum á Ísland en á öðrum ystu svæðum.

Í 5. mgr. 2. gr. eru talin upp þau aðildarríki ESB sem teljast hafa lágan umhverfishita á sumrin í tengslum við tilskipun 98/70/EB (2009/30/EB). Meðalhiti sumarmánaðanna þriggja á Íslandi er undir 11 °C sem er lægra en í nokkru öðru ríki sem nú er þátttakandi í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir.

Tilskipun 2009/30/EB sem breytir tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu

Af hálfu Íslands er farið fram á að 4. mgr. 3. gr. og/eða III. viðauka við tilskipunina verði breytt til að heimila Íslandi að nota hámarksgufuþrýsting sem er 80 kPa á sumrin að því er varðar bensín sem inniheldur etanól eða metanól.

Skýring:

Þróuð hefur verið nýstárleg aðferð á Íslandi til að framleiða endurnýjanlegt metanól. Blöndun endurnýjanlegs metanóls í bensín gefur möguleika á að skipta út jarðefnaeldsneyti og draga úr notkun kolefnis í eldsneyti á Íslandi. Samkvæmt ákvæðum tilskipana 98/70/EB og 2009/30/EB má metanólinnihald í bensíni vera 3% (rúmmálshlutfall). Blöndun eldsneytis og alkóhóls leiðir til hærri gufuprýstings eldsneytisins. Um það er fjallað í tilskipun 2009/30/EB að því er varðar etanól með aðlögun til að lífeldsneytismarkaðir geti þróast. Þörf er á sambærilegri aðlögun fyrir Ísland að því er varðar 3%, (rúmmálshlutfall), metanóls í bensíni til þess að gera sölu á bensíni blönduðu endurnýjanlegu metanóli mögulega á sumrin. Mikil losun ósons og heilbrigðisáætta var tilgreind sem áhyggjuefni varðandi hámarks-gufuprýsting bensíns á sumrin í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um mat á áhrifum vegna breytingar á tilskipun 98/70/EB. Losun lífrænna rokefna, annarra en metans, á Íslandi hefur minnkað; losun árið 2009 var 58% minni en árið 1990. Ekki hefur verið farið yfir viðmiðunarmörk vegna langtímamarkmiða um heilbrigði manna í tengslum við losun ósons á Íslandi á sumrin. Blöndun metanóls í bensín bætir metanóli við losun lífrænna rokefna úr eldsneytinu, þótt stuðull fyrir virkni sólarljóss til myndunar ósons hvað varðar metanól sé lægri. Því dregur þetta úr hættu á að það verði forefni ósons og má búast við því að það vinni gegn áhrifum aukins gufuprýstings á ósonmyndun. Gagnrýnin skoðun á jafningjarýndar heimildir um eiturhrif vegna innöndunar á metanólgufum sem myndast sýndi ekki fram á neinar vísbendingar sem hægt væri að styðjast við til að komast að þeirri niðurstöðu að váhrif af litlu magni metanóls leiði til skaðlegra áhrifa á heilbrigði. Meðalhiti sumarmánaðanna þriggja á Íslandi er lægri en 11°C. Samanburður á meðalhita að sumri í evrópskum borgum og samþykktum flokkum varðandi rokgirni bensíns sýnir fram á að bensín með gufuprýsting yfir 80 kPa er notað í evrópskum borgum í mánuðum með meðalhitastig yfir 12°C.

Nánari upplýsingar um þetta mál eru tiltækar ef óskað er eftir þeim.

I. viðauki: Fuglatilskipunin

Beiðnir um breytingar og tæknilega aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB um varðveislu villtra fugla (fuglatilskipuninni)

1. Af hálfu Íslands er farið fram á að leyfilegt verði að halda áfram að stunda hefðbundna eggjatöku.

Skýring:

Á Íslandi er löng hefð fyrir töku eggja frá tilteknum tegundum vatna- og sjófugla, einkum á landi í einkaeign. Landeigendur hafa öldum saman aflað góðrar þekkingar á varpsvæðum á landareignum sínum og safnað eggjum á sjálfbæran hátt. Eggjin eru mikilvæg búbót fyrir suma landeigendur og góð staða fuglastofna er því landeigendum í hag. Áhrif eggjatöku á heildarfjölgun er lítil þar sem fuglarnir verpa nýjum eggjum í stað þeirra sem tekin eru, ef þau eru tekin snemma á varptímabilinu. Egg eru gjarnan tekin í þverhniptum sjávarhömrum þar sem eggjatökumenn þurfa að síga niður í vað. Þetta er hefðbundin aðferð við eggjatöku úr brimklifi og er eðli málsins samkvæmt stunduð á fremur fáum stöðum og hefur verið óbreytt í aldaradír. Eggjataka er mikilvægur hluti íslenskrar menningar og sjálfsmyndar þjóðarinnar. Skilyrði og fuglategundir sem má taka egg frá eru ákvörðuð með lögum.

Hefðbundin aðferð við eggjatöku frá tilteknum tegundum villtra fugla á Íslandi er í fullu samræmi við inntak og markmið sem koma fram í 2. gr. tilskipunarinnar.

2. Af hálfu Íslands er farið fram á að hefðbundin aðferð við lundaveiðar á varptímabilinu verði áfram leyfileg.

Skýring:

Löng hefð er fyrir því að veiða fullorðna lunda á Íslandi um mitt sumar. Hefðbundna lundaveiði á Íslandi er aðeins hægt að stunda á varptímabilinu. Á öðrum tímum flytur fuglinn sig um set á ætissvæði úti á rúmsjó. Lundinn er algengasti fuglinn á Íslandi (2–3 milljónir para). Sú hefð að veiða lunda er mikilvægur þáttur í menningunni á tilteknum svæðum á Íslandi, einkum í litlum eyjasamfélögum. Bann við lundaveiðum á varptímabilinu á þessum eyjum myndi binda endi á þessa aldagömlu, sjálfbæru lifnaðarhætti, sem eru mikilvægur þáttur í menningu Íslands og farið hafa fram í sátt og samlyndi við óblíða náttúru Íslands. Fuglarnir eru veiddir í háf, sem er sérhæfð veiðiaðferð, og flestir veiddir fuglar eru geldfuglar (á aldrinum 2–4 ára). Ísland mun tryggja að þessar veiðar séu og verði framkvæmdar á sjálfbæran hátt í samræmi við stofnstærð og -þróun og afkomu stofnsins.

Hefðbundin aðferð við lundaveiðar á Íslandi er í fullu samræmi við markmið sem koma fram í 2. gr. tilskipunarinnar.

I. viðauki ¹⁰

3. Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirtaldar tegundir sem eiga náttúruleg heimkynni á Íslandi [og fartegundir sem koma reglulega til Íslands] verði tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2009/147/EB:

- Straumönd (*Histrionicus histrionicus*)
- Húsönd (*Bucephala islandica*)

II. viðauki B ¹¹

4. Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirtaldar tegundir verði tilgreindar í II. viðauka B við tilskipunina þar sem það skal tekið fram að leyfilegt sé að veiða þær á Íslandi:

- Svartbakur (*Larus marinus*)
- Sílamáfur (*Larus fuscus*)
- Hettumáfur (*Larus ridibundus*)
- Silfurmáfur (*Larus argentatus*)
- Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*)
- Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*)
- Grænlandsafbrigði blesgæsar (*Anser albifrons flavirostris*)
- Duggönd (*Aythya marila*)
- Hávella (*Clangula hyemalis*)
- Toppönd (*Mergus serrator*)
- Kjói (*Stercorarius parasiticus*)
- Hrafn (*Corvus corax*)
- Fýll (*Fulmarus glacialis*)
- Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*)
- Toppskarfur (*Phalacrocorax aristotelis*)
- Helsingi (*Branta leucopsis*)
- Rita (*Rissa tridactyla*)
- Álka (*Alca torda*)
- Langvía (*Uria aalge*)
- Stuttnefja (*Uria lomvia*)
- Teista (*Cephus grylle*)
- Lundi (*Fratercula arctica*)

¹⁰ Tegundirnar sem taldar eru upp í I. viðauka skulu falla undir sérstakar verndarráðstafanir að því er varðar búsvæði þeirra til að tryggja lifun og fjölgun þeirra á viðkomandi svæði.

¹¹ Aðeins er heimilt að veiða tegundirnar sem skráðar eru í II. viðauka B við tilskipun 2009/147/EB í aðildarríkjum þar sem veiðar á þeim eru leyfðar sérstaklega.

III. viðauki A¹²

5. Af hálfu Íslands er farið fram á að dúnn af æðarfugli á Íslandi verði tilgreindur í III. viðauka A við tilskipunina.

Skýring: Tilgangurinn með þessari beiðni er að tryggja opinn útflutningsmarkað fyrir æðardún. Æðarfuglinn hefur verið friðaður á Íslandi síðan 1847 vegna vistfræðilegs mikilvægis hans fyrir æðardúnsbændur. Bændurnir laða æðarfuglinn að varpsvæðum sem gerir þeim kleift að vernda fuglinn gegn rándýrum sem þeim hefði annars stafað hætta af. Æðardúni er safnað úr hreiðrum án þess að raska hreiðrunum eða valda fuglunum sjálfum skaða eða þjáningu.

III. viðauki B¹³

6. Ísland mun beita III. viðauka B og leyfa viðskipti á Íslandi með sumar þeirra tegunda sem tilgreindar eru í viðaukanum. Ísland fer auk þess fram á að eftirfarandi tegundir verði tilgreindar í III. viðauka B við tilskipunina þar sem það skal tekið fram að leyfilegt sé að eiga viðskipti með þær á Íslandi:

- Fýll (*Fulmarus glacialis*)
- Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*)
- Toppskarfur (*Phalacrocorax aristotelis*)
- Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*)
- Stuttnefja (*Uria lomvia*)
- Langvía (*Uria aalge*)
- Álka (*Alca torda*)
- Teista (*Cepphus grylle*)
- Lundi (*Fratercula arctica*)
- Grænlandsafbrigði blesgæsar (*Anser albifrons flavirostris*)
- Helsingi (*Branta leucopsis*)
- Svartbakur (*Larus marinus*)

¹² Ekki skal banna starfsemi sem um getur í 1. gr. (sala, flutningur vegna sölu, geymsla vegna sölu og að bjóða lifandi eða dauða fugla til sölu eða auðþekkjjanlega hluta eða afurðir slíkra fugla) að því er varðar tegundirnar sem um getur í A-hluta III. viðauka, að því tilskildu að fuglarnir hafi verið drepnir eða fangaðir á löglegan hátt eða fengnir löglega með öðrum hætti.

¹³ Aðildarríki geta, að því er varðar tegundirnar sem eru skráðar í B-hluta III. viðauka, leyft starfseminu sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/147/EB á sínu yferráðasvæði, ef þau gera ráð fyrir tilteknum takmörkunum, að því tilskildu að fuglarnir hafi verið drepnir eða fangaðir á löglegan hátt eða fengnir löglega með öðrum hætti.

II. viðauki: Vistgerðatilskipunin

Beiðnir um breytingar og tæknilega aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 92/43/EBE um varðveislu vistgerða og villtra dýra og plantna (vistgerðatilskipuninni)

I. viðauki¹⁴

1. Ísland verður í aðstöðu til að gera tillögur að fleiri vistgerðum til skráningar í I. viðauka þegar búið er að safna ítarlegri upplýsingum á grundvelli kortlagningarferlisins og þess tímaramma sem skilgreindur er í samningsafstöðunni.

II. viðauki¹⁵

2. Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirfarandi breytingartexti verði settur inn í A-hluta II. viðauka við tilskipunina:

Undir undirliðnum Hvalir í A-hluta í II. viðauka, orðunum „(að undanskildum íslenskum stofnum innan sérefnahagslögsögu Íslands)“ á eftir orðunum *Phocoena phocoena* (almenn t heiti hnísa). ...

Undir undirliðnum Hvalir í A-hluta í II: viðauka, orðunum „(að undanskildum íslenskum stofnum innan sérefnahagslögsögu Íslands)“ á eftir orðunum *Tursiops truncates* (almenn t heiti stökkull). ...

IV. viðauki¹⁶

3. Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirfarandi breytingartexti verði settur inn í IV. viðauka (a) við tilskipunina.

Í A-hluta IV. viðauka komi orðin „(að undanskildum íslenskum stofnum)“ á eftir orðinu „*Alopex lagopus“.

Í A-hluta IV. viðauka skal bæta við orðunum „(að undanskildum íslenskum stofnum hrefnu (*Balaenoptera acutorostrata*), langreyðar (*Balaenoptera physalus*), sandreyðar (*Balaenoptera borealis*), hnúfubaks (*Megaptera novaeangliae*), búrhvals (*Physeter macrocephalus*), grindhvals (*Globicephala melas*), hnísu (*Phocoena phocoena*), hnýðings (*Lagenorhynchus albirostris*) og andarnefju (*Hyperoodon ampullatus*) innan sérefnahagslögsögu Íslands)“ á eftir orðinu „HVALIR“.

¹⁴ Vistgerðir sem eru mikilvægar fyrir Bandalagið og sem útheimta að sérstök varðveislusvæði verði tilnefnd til að varðveita þær.

¹⁵ Dýra- og plöntutegundir sem eru mikilvægar fyrir bandalagið og sem útheimta að sérstök varðveislusvæði verði tilnefnd til að varðveita þær.

¹⁶ Tegundir sem þarfnast strangrar verndar.

V. viðauki¹⁷

4. Af hálfu Íslands er farið fram á að íslenskum stofnum heimskautarefsins (*Alopex lagopus*) verði bætt við í V. viðauka tilskipunarinnar.
5. Af hálfu Íslands er farið fram á að íslenskum stofnum hrefnu (*Balaenoptera acutorostrata*), langreyðar (*Balaenoptera physalus*), sandreyðar (*Balaenoptera borealis*), hnúfubaks (*Megaptera novaeangliae*), búrhvals (*Physeter macrocephalus*), grindhvals (*Globicephala melas*), hnísu (*Phocoena phocoena*), hnýðings (*Lagenorhynchus albirostris*) og andarnefju (*Hyperoodon ampullatus*) innan sérefnahagslögsögu Íslands verði bætt við í V. viðauka við tilskipunina.

VI. viðauki¹⁸

6. Af hálfu Íslands er farið fram á að eftirfarandi breytingartexti verði settur inn í A-hluta VI. viðauka við tilskipunina.

Í A-hluta VI. viðauka komi orðin „(nema í þeim tilgangi að veiða hrefnu, sandreyði, hnúfubak, búrhval og langreyði innan sérefnahagslögsögu Íslands)“ á eftir orðunum „rafmagns- og rafeindabúnaður fær um að drepa eða rota“ og orðinu „Sprengiefni“.

¹⁷ Tegundir sem föngun hveira og nýting í náttúrunni kann að falla undir ráðstafanir í tengslum við stjórnun.

¹⁸ Bannaðar aðferðir og leiðir til föngunar, aflfunar og flutnings.